

Tíu ára á sviði
í Köben



Sunna les
dópsalinn



„Ég spara
50 þúsund
í tryggingar“



vír

Lífið > 24

Lífið > 26

FRÉTTABLAÐIÐ

17. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MIDVIKUDAGUR 26. JANÚAR 2022



Bók er best vina og í gærkvöld afhenti forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, Íslensku bókmenntaverðlaunin við hátíðlega athöfn. Verðlaunahafarnir fá eina milljón hver.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vaxandi hernaðarumsvif á Keflavíkurflugvelli

Milljarða framkvæmdir Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli og aukin umsvif þar koma til vegna aukins eftirlits með ferðum Rússa og æ meiri spennu á milli þeirra og Úkraínanna.

ser@frettabladid.is

ÖRYGGISMÁL Aukin hernaðarumsvif Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli á undanförunum mánuðum setja æ sterkari svip á Keflavíkurflugvöll að því er heimildir Fréttablaðsins innan vallarins herma.

Umskiptin hafa verið mikil á síðustu misserum og birtast í meiri umferð herflugvéla á flughlaðinu, fleiri ökutækjum sem þjónusta

þær, öðrum tengdum umsvifum og annríki í kringum stóra flugskýlið suðaustan við Leifsstöð, í grennd við gömlu flugstöðina, en þar hefur herinn aðstöðu til að undirbúa vélar sínar til flugs.

„Frá því Bandaríkjamenn tóku í notkun nýjar kafbátaleitarflugvélar fyrir nokkrum árum hafa þeir aukið verulega viðveru sína hér á landi,“ segir Friðþór Eydal, fyrrverandi upplýsingafulltrúi varnarlíðsins á Keflavíkurflugvelli, sem gjörþekkir starfsemi hersins frá því fyrir og eftir að hann starfrækti herstöð á vellingum.

„Nú í seinni tíð hefur herinn verið með allt upp undir sjö leitarvélar í einu, en hverri vél fylgir ekki aðeins tíu manna áhöfn heldur og



Það má segja að herinn sé að byggja upp aðstöðu sína á vellingum frá grunni eftir að hann yfirgaf völlinn 2006.

Friðþór Eydal, fyrrverandi upplýsingafulltrúi varnarlíðsins á Keflavíkurflugvelli

fjölmennt stuðningslið,“ segir Friðþór. „Það má segja að herinn sé að byggja upp aðstöðu sína á vellingum frá grunni eftir að hann yfirgaf völlinn haustið 2006, en þessum nýju kafbátaleitarvélum fylgir mikil þjónusta – og hún fer vaxandi.“

Kostnaður við þessa uppbyggingu Bandaríkjamanna hefur numið hátt í tíu milljörðum króna og koma þar margir verkþættir til sögunnar, svo sem uppbygging fær-anlegrar aðstöðu fyrir herlið, stækkun flughlaðs fyrir herinn og viðhald á flugskýlum. Þá er einnig verið að byggja upp svæði til að meðhöndla hættulegan vopnabúnað og endurnýja þvottastöð fyrir leitarvélararnar en mikil selta sest á þær í lágflugi á úthafinu.

„Umsvifin síðustu mánuði hafa aukist vegna fleiri æfinga og meira eftirlits,“ segir Albert Jónsson, fyrrverandi sendiherra og sérfræðingur í alþjóðamálum. „Þunginn er að færast norður,“ segir hann. „Þetta sést meðal annars á því að bara frá nýliðnum jólum og fram til 20. janúar hefur verið flogið daglega frá Keflavík allt austur yfir Eystrasalt vegna átaka Rússa og Úkraínanna,“ segir hann.

„Ástæðan fyrir aukinni notkun Keflavíkurflugvallar er líka sú að Bandaríkjamenn ætluðu að útbúa aðstöðu í Skotlandi fyrir leitarvélararnar, en þar eð Bretar eru að taka í notkun sínar eigin vélar þar um slóðir er sú áætlun ekki komin til framkvæmda,“ segir Albert. ■

Happy Winter SALE

2-3 daga afhending



Boozt.COM

FASHION KIDS SPORT HOME BEAUTY

Sundabraut verði kláruð árið 2031

arib@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Til stendur að klára lagningu Sundabrautar með þverun Kollafjarðar árið 2031, eða eftir níu ár, að sögn Sigurðar Inga Jóhannssonar innviðaráðherra. Í gær var kynnt félagshagfræðileg greining verkfræðistofanna Mannvits og COWI sem sýnir að ábati íslensks samfélags af lagningu Sundabrautar gæti orðið á bilinu 186 til 236 milljarðar króna á 30 ára tímabili.



Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra

Kostnaðurinn á að nema á bilinu 69 til 83 milljörðum króna. Fer það eftir því hvort Kleppsvík verður þveruð með brú eða göngum, kostnaðurinn hækkar með göngum en þá verður ábatinn mestur.

Talið er að framkvæmdin muni stytta ferðatíma um allt að 140 þúsund kílómetra daglega. Að sama skapi muni hún fjölga daglegum bílferðum um allt að fimm þúsund.

Til stendur að hefja vinnu við umhverfismat í samstarfi við Reykjavíkurborg. Framkvæmdir eiga að hefjast eftir fjögur ár. ■

Veðurofsi á höfuðborgarsvæðinu



Það var hressilegur veðurofsi á suðvesturhorni landsins í gær og voru appelsínugular og gular veðurviðvaranir víða í gildi. Millilandaflug féll niður á tímabili. Svo hvasst var á höfuðborgarsvæðinu í gær að strompurinn á Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu fór á hliðina. Einungis þeir sem nauðsynlega þurftu á hreinu lofti að halda, eða að viðra hundinn, voru á gangi við Gróttu í gær. Hæglætisveðri er aftur á móti spáð á landinu í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Boða afléttingar næsta föstudag

helenaros@frettabladid.is

COVID-19 Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra hefur gert breytingar á sóttkví. Þau sem eru útsett fyrir utan heimili fara í smitgát en börn og unglingar verða undanþegin. Börn á leik- og grunnskólaaldri verða undanþegin smitgát. Ekki verða breytingar á samkomutakmörkunum en Willum mun boða afléttingar næsta föstudag.

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, sagði að loknum ríkisstjórnarfundum í gær að ríkisstjórnin hefði samþykkt hálfan milljarð í styrkveitingu í menningarmál.

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir segir að breytingarnar sem hann lagði til muni líklega auka smit í skólum og hjá barnafjölskyldum. Brýnt sé að einfalda allt fyrirkomulag sem varðar sóttkví, smitgát, sýnatökur og greiningu á Covid-19.



Heilbrigðisráðherra tilkynnti um breytingar á sóttkví að loknum ríkisstjórnarfundum í gær.



Veita á hálfan milljarð króna í styrki til menningarmála.

Samkvæmt Þórólfi er Omikron-afbrigðið ráðandi og greinist hjá rúmlega 90 prósentum en Delta-afbrigðið greinist hjá tæplega tíu prósentum. ■

Persónuleiki Elliða skín í gegn á keppnisgólfinu

Elliði Snær Viðarsson hefur slegið í gegn á EM í handbolta með frammistöðu sinni. Dóra Björk Gunnarsdóttir, móðir hans, segir að Elliði sé gleðipinni sem fái sína orku úr stúkunni. Dóra Björk, Viðar og börn fóru til Ungverjaland að sjá þeyjann sinn.

benediktboas@frettabladid.is

HANDBOLTI „Persónuleikinn hans skín í gegn á gólfinu. Ef skoðaðar eru gamlar myndir frá ÍBV þá er þetta sami karakterinn. Hann er óttalegur gleðipinni og þrífst svolítið á stuðinu í stúkunni og áhorfendum,“ segir Dóra Björk Gunnarsdóttir, móðir Elliða Snæs Viðarssonar, leikmanns íslenska landsliðsins í handbolta.

Eftir að viðtalið var tekið greindist Elliði með jákvætt hraðpróf og beðið var niðurstöðu úr PCR-prófi.

Elliði hefur unnið hug og hjörtu með baráttu sinni. Mynda þeir Ýmir Örn Gíslason eitt magnaðasta varnarpar landsins síðan Sverre Jakobsen og Ingimundur Ingimundarson börðu á sóknarmönnum andstæðinganna forðum daga. Hann hefur fengið mikið hrós en hann er aðeins á sínu öðru stórmóti. Það fyrsta fór fram í Egyptalandi í fyrra.

Dóra Björk segir að þau hjónin, ásamt fleirum úr stórfjölskyldunni, hafi farið út til Ungverjaland að fylgjast með fyrstu þremur leikjunum og sjá hann á stóra sviðinu sem hafi verið frábært. „Þetta eru fyrstu alvöru leikirnir sem við gátum fylgt honum eftir þar sem það var ekki í boði í Egyptalandi. Hann er elstur fjögurra systkina sem speglast svolítið í honum finnst mér.“

Fjölskyldulífið hefur alltaf snúist um íþróttir en Dóra var framkvæmdastjóri ÍBV í sex ár og er mikill áhugi fyrir íþróttum á



Elliði á gólfinu í Búdapest þar sem hann hefur unnið hug og hjörtu með baráttu sinni. Óvist er með þátttöku hans í leik dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Í Búdapest. Viðar Einarsson, Dóra Björk, Ívar Bessi, Arnór, Sóldís Eva Gylfadóttir og Guðbjörg Silla.

MYND/ADSEND

heimilinu. „Við förum til að mynda á EM í Danmörku 2014 og svo á HM í Þýskalandi 2019 með krakkana.“

Elliði var í íþróttakademíu ÍBV þar sem hann fékk meiri einstaklingsþjálfun en almennt er hægt að veita á æfingum. Fjölskyldulífið hefur snúist meira og minna um íþróttir og systkini hans eru á kafi í boltanum líka, bendir Dóra á.

Evrópumótið í ár er það fyrsta án Guðjóns Vals Sigurðssonar í 20 ár

en Guðjón Valur sér um stjórnartaumana hjá Gummersbach þar sem Elliði spilar.

„Guðjón Valur og Þóra kona hans hafa passað vel upp á hann og hann er í dásamlegum höndum í Þýskalandi. Við höfum náð að fara einu sinni út vegna ástandsins og ég sagði við hann í sumar að ég hefði aldrei skutlað honum út á flugvöll ef ég hefði vitað að við myndum ekki hittast í tíu mánuði.“

Hann fór í ágúst og kom heim í júní, rétt rúmlega tvítugur gutti. Það var langur tími. Alveg rosalega,“ viðurkennir hún.

Dóra Björk hefur trú á sigri í dag gegn Svartfjallalandi og að Danir muni vinna Frakka sem myndi þýða að Ísland kæmist í undanúrslit. „Persónulega finnst mér frábært ef við spilum um fimmta sæti. Það er miklu betra en við þorðum að vona.“

En þó að maður eigi ekki að vera með óraunhæfar kröfur þá sér maður að strákarnir eru með miklar kröfur á sjálfa sig. Þó þeir séu þreyttir og lúnir þá gleymist það þegar þeir stiga inn á gólfið,“ segir hún. ■

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

NYFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Ekki bíða of lengi!



Tryggðu þér rafmagnað eintak í janúar

Eftirspurn eftir snúrúbilum hefur aldrei verið meiri, enda eru rafbilar umhverfisvænir, tæknilega þróaðir og hagkvæmir í rekstri. Hjá okkur finnur þú mesta úrval landsins af rafmögnum bílum, í öllum stærðum og verðflokkum. Hver þeirra hentar þér og þínum þörfum?



MG MARVEL R
100% rafmagn
Drægni 370 km*
Verð frá: 7.199.000 kr.
Fjór hjóladrífinn

Recharge yourself

MINI Cooper SE
100% rafmagn
Verð frá: 5.190.000 kr.
Drægni 233 km*

6 ára þjónustupakki fylgir nýjum Mini Cooper SE

HYUNDAI IONIQ 5
100% rafmagn
Drægni 460 km*
Verð frá: 6.990.000 kr.
Fjór hjóladrífinn
Dráttargeta 1.600 kg

Stílhrein spenna

RENAULT Megane e-Tech
100% rafmagn
Verð frá: 4.990.000 kr.
Drægni 470 km*
PANTAÐU NÚNA

Byltingarkennd hönnun
Væntanlegur í júní

BMW iX Drive40
100% rafmagn
Drægni 425 km*
Verð frá: 10.990.000 kr.
Fjór hjóladrífinn
Dráttargeta 2.500 kg

6 ára þjónustupakki fylgir nýjum iX

Rafmagnaður sportbíl

Jaguar I-Pace EV400
Fjór hjóladrífinn
100% rafmagn
Drægni 470 km*
Verð frá: 10.990.000 kr.

Range Rover Evoque 300e
Fjór hjóladrífinn
Plug-in Hybrid
Verð frá: 9.990.000 kr.

Land Rover Discovery Sport 300e
Fjór hjóladrífinn
Plug-in Hybrid
Verð frá: 9.990.000 kr.

100% rafmagn, Plug-in Hybrid eða Hybrid. Framtíðin er á bl.is



Bilasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bilasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

Jaguar / Land Rover
Hesthalsi 6-8, 110 Rvk.
525 6500

Hyundai
Kauptúni 1, 210 Garðabæ
575 1200

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



*Uppgefnar tölur um drægni taka mið af nýjum WLTP prófum. Aksturtag, hlustag, hlustag og ástand vegu hefur áhrif á drægni rafbils.



Fólksfjöldunin nær einnig til Íslands.

Gæti farið yfir átta milljarða á árinu

birnadrofn@frettabladid.is

SAMFÉLAG Íbúafjöldi heimsins nær að öllum líkindum átta milljörðum í lok þessa árs eða byrjun þess næsta.

Samkvæmt vefsíðunni Worldometer sem haldið er úti af alþjóðlegu teymi hönnuða, vísindamanna og sjálfbodaliða, er íbúafjöldi heimsins nú um 7,9 milljarðar.

Jarðarbúum hefur fjölgað um tæplega 5,5 milljónir á þessu ári. Um 9,5 milljónir hafa fæðst og tæpar fjórar milljónir manna hafa látist.

Árið 1803 urðu jarðarbúar milljarður talsins en ekki tók nema 124 ár þar til þeir urðu tveir milljarðar.

Á árunum 1960 til 2011 fjölgaði jarðarbúum um milljarð á tólf ára fresti. ■



Gámur frá Qair Iceland. MYND/EFLA

Leyfi fyrir gámi með vindmyllu

gar@frettabladid.is

BORGARBYGGÐ Félagið Qair Iceland sem hyggur á rekstur vindmyllugarðs í Borgarbyggð og víðar á Íslandi hefur fengið stöðuleyfi fyrir gámi á jörðinni Hvammi með mælubúnaði fyrir fuglarannsóknir og vegna veðurfarsrannsókna.

„Auk gámsins verður komið fyrir um sex metra hárra vindmyllu og sólarcellum á gáminn til að knýja mælitækini. Skal mælubúnaðurinn vera notaður til rannsókna vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar vindmyllugarðs á landsvæðinu,“ segir í fundargerð byggingarfulltrúa Borgarbyggðar. ■

Þurfum að hugsa virkjanir tuttugu ár fram í tímann

elinhirst@frettabladid.is

ORKUMÁL „Ég held að það sé mjög mikilvægt að staldra við og hugsa aðferðafræðina alveg upp á nýtt varðandi virkjanamál í framtíðinni.“ Þetta sagði Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, á Fréttavaktinni á Hringbraut í gærkvöldi.

„Við verðum að reyna að einfalda

þetta, ekki vera með svona mikið undir í hvert skipti. Reyna að vanda betur vinnuna og setja meiri vinnu í það að rannsaka og undirbúa þannig að við getum fengið forsendur til að taka þessar stóru og miklu ákvarðanir um frekari virkjanir á Íslandi,“ segir hann.

Hörður segir að til lengri tíma þurfum við að gera okkur grein fyrir því hvað mikið við þurfum til



Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar

orkuskiptanna, en að við þurfum þá orku ekki strax. Orkuskiptin muni taka lengri tíma og það þurfi mikil tækniþróun að eiga sér stað. Orkuskiptin gerist í kringum 2035 og 2040 eða á því tímabili, en þær virkjanir sem ætlunin sé að nota þá verði að fara að skoða núna því það taki um 20 ár að undirbúa virkjun, segir forstjóri Landsvirkjunar. ■

Kanni hvort kröfurnar séu lögmætar

Neytendasamtökin hafa stefnt innheimtufyrirtæki sem hætt er starfsemi vegna smálána. Málið snýst um litlar peningaupphæðir en er prófmál um innheimtu-aðferðir.


kristinnhaukur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Dómsmál Neytendasamtakanna gegn lögmáttinum Gísli Kristbirni Björnssyni, fyrirtæki hans Almennri innheimtu ehf. og tryggingafélaginu Verði var tekið fyrir í gær hjá Héraðsdómi Reykjavíkur. Málið snýst um örfáa tugi þúsunda króna en er prófmál á þeirri innheimtu sem hefur viðgengist í smálánum.

Þó að Almenn innheimta sé til á pappírnum hefur fyrirtækið hætt innheimtu og selt allar sínar kröfur til BPO innheimtu ehf., í eigu Guðlaugs Magnússonar. Það gerðist í apríl árið 2021. Kröfurnar eru úr safni smálánafyrirtækja á borð við Hraðpeninga, Kredja og Smálán sem öll eru nú undir hatti Ecommerce 2020 sem er í eigu hins tékkneska Ondrej Smakal en skráð í Danmörku þar sem lög um smálánastarfsemi eru mun rýmri en hér á Íslandi.

Fjármálaeftirlit Seðlabankans gerði athugun á innheimtuáferðum BPO og úrskurðaði þann 6. janúar að fyrirtækið hefði brotið lög um góða innheimtuhætti. Var úrskurðurinn byggður á stikkprufum úr kröfufafninu. Hafi BPO ekki gert fullnægjandi könnun á kröfunum sem það var að innheimta. Samkvæmt úrskurðinum beri innheimtuáðila því að kanna hvort krafan sé lögmæt. Gætu skuldarar því ekki fengið nauðsynlegar upplýsingar um grundvöll og fjárhæð kröfu sinnar.

„Aðalkrafa okkar er að það verði viðurkennt að innheimtuáðilar verði að kanna lögmæti krafna



Neytendasamtökin hafa gagnrýnt smálánafyrirtæki harðlega og tekist á við þau fyrir dómsstólum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Lögmannafélagið hefur látið þetta óátalið í áratug en það tók Fjármálaeftirlitið örfáa mánuði að úrskurða innheimtuna ólöglega.



Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna

sinna og fari ekki í sýndarinnheimtu á kröfum sem eru í hæsta máta vafasamar,“ segir Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, um það mál sem er nú fyrir dómsstólum. Þetta hafi Neytendasamtökin farið fram á við Almenna innheimtu.

Neytendasamtökin telja innheimtuna ólöglega og innheimtukostnaðinn of háan en það er ekki allt. Eftirlitið sé stóra málið.

Fyrirtæki eins og Almenn innheimta, sem eru í eigu eins lögmans, eru ekki undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins heldur Lögmannafélagsins. Breki kallar þetta sýndareftirlit en Lögmannafélagið

er þó ekki aðili að dómsmálinu.

„Lögmannafélagið hefur látið þetta óátalið í áratug en það tók Fjármálaeftirlitið örfáa mánuði að úrskurða innheimtuna ólöglega,“ segir Breki.

Þriðji stefndi aðilinn í málinu, Vörður, er þar inni vegna starfsábyrgðartryggingar. Vörður tryggði ekki Almenna innheimtu heldur Gísli Kristbjörn sjálfan. Samkvæmt Breka er það mikilvægt að allir innheimtuáðilar hafi slíka tryggingu og Lögmannafélagið hefði átt að fylgjast með því í sínu eftirliti. Best væri þó ef allt eftirlit með innheimtuáðilum væri í höndum Fjármálaeftirlitsins. ■


Auðveldasta leiðin til kaupa og selja Bitcoin & Ethereum

- Skjót afgreiðsla
- Engin falin gjöld
- 2% Íslendinga skráðir á Myntkaup

Skráðu þig á myntkaup.is



Sækja appið



SUZUKI S-CROSS 4X4 Á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI

500.000 KR. AFSLÁTTUR!

4X4

SUZUKI S-CROSS ER
FJÓRHJÓLADRIFINN

Hönnuðir Suzuki náðu að sameina þægindi fólksbíls og öryggi jeppa í S-Cross. Fjór hjóladrifið og mikil veghæð gera hann öruggan og rásfastann, mikið afl og skemmtilegir aksturs-eiginleikar gera S-Cross ótrúlega þægilegan í akstri. S-Cross er sérlega rúmgóður og með ríkulegan staðalbúnað.

VERÐ MEÐ AFSLÆTTI FRÁ KR.
5.090.000

EKKI MISSA
AF ÞESSU
FRÁBÆRA
TILBOÐI!

FLUTT MEÐ
EIMSKIP

Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílaríki, Lónsbakka.

Egilsstaðir: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.


Hvolsvellir: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.

Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.

Reykjanesbær: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.



• Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is



Suzuki á Íslandi YouTube

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Enn deilt um Hnútuverkjun

gar@frettabladid.is

SKAFTÁRHREPPUR Fulltrúar minnihlutans í sveitarstjórn Skaftárhrepps vilja að skýrt sé að afstaða meirihlutans til virkjunar í Hverfisfljóti sé ekki í samræmi við skoðun minnihlutans sem er andvígur virkjunaráformunum.



Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, annar tveggja fulltrúa Z-lista

„Fulltrúar Z-listans, minnihluti sveitarstjórnar, leggja ríka áherslu á að öll svör meirihluta sveitarstjórnar sem lögð eru fram í nafni sveitarstjórnar til málsins eru einungis afstaða meirihluta hennar,“ segir í bókun sem lögð var fram á fundi þar sem meirihluti Sjálfstæðisflokks í sveitarstjórninni samþykkti breytingu á aðalskipulagi til að svokölluð Hnútuverkjun í Hverfisfljóti geti orðið að veruleika. ■

Flokkarnir fá eina og hálf milljón

gar@frettabladid.is

GARÐABÆR Stjórnmalasamtök sem starfa að sveitarstjórnarmálum í Garðabæ skipta með sér tæplega einni og hálfri milljón króna sem veitt er úr bæjarjóði til að styrkja starfsemi þeirra.



Gunnar Einarsson, bærarstjóri í Garðabæ

Úthlutunin er miðuð við fylgi flokkanna og fær Sjálfstæðisflokkurinn 933 þúsund krónur, Garðabæjarlistinn 423 þúsund og Miðflokkur 102 þúsund krónur. „Fyrir liggja gögn til staðfestingar á að ofangreind stjórnmalasamtök hafa sinnt upplýsingaskyldu sinni gagnvart Ríkisendurskoðun,“ segir í fundargerð bæjarstjórnarinnar. ■

Íbúar ánægðastir í Vestmannaeyjum

bth@frettabladid.is

SVEITARFÉLÖG Vestmannaeyjabær er það sveitarfélag landsins sem kom best út úr könnun sem Vifill Karlsson hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi hafði yfirumsjón með og varðar viðhorf íbúa til búsetuskilyrða.

Akureyri er í öðru sæti og Eyjafjörður í því þriðja.

Suður-Vestfirðir, Dalir, Strandir og Reykhólar komu verst út úr könnuninni.

Af þeim svæðum sem voru með í næstsíðustu könnun hækkaði Vestmannaeyjabær mest á milli kannana, þá Rangárvallasýsla og Skaftafellssýslur.

Íbúar Reykjanesbæjar og höfuðborgarsvæðisins voru óhamingjusamastir í könnuninni og þeir einu sem voru marktækt óhamingjusamari en aðrir þátttakendur. ■

Fræða ungmenni um forvarnir gegn ofbeldi

birnadrofn@frettabladid.is

MENNTAMÁL Á vefsíðu Menntamálastofnunar Stopp ofbeldi! geta kennarar á öllum skólastigum nálgast námsefni og annað forvarnarefni gegn ofbeldi til að hefja forvarnarfræðslu í skólum.

Í júní á síðasta ári samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.

Á að koma á skipulögðum for-



Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur

vörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur,

segir að innan borgarinnar eigi allir skólar að vera búnir að stofna forvarnarteymi. Hlutverk teymisins sé meðal annars að tryggja kennslu til allra árganga grunnskólans um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni sem hæfir aldri og þroska nemenda og leitast við að tryggja samhæfð viðbrögð starfsfólks með tilliti til ólíkra hópa og ólíkra einstaklinga í tilfellum þar sem börn greina frá ofbeldi og áreitni.

Þá skal forvarnarteymið sjá til þess að fyrir hendi sé ætlan um

viðbrögð þegar börn greina frá áreitni eða ofbeldi eða ef grunur vaknar um slíkt og styðja við framkvæmd slíkrar áætlunar.

„Við hjá borginni buðum upp á stutt námskeið fyrir fulltrúa allra forvarnarteyma grunnskólanna okkar til að hjálpa fólki að taka fyrstu skrefin, enda er þetta svo mikilvægt starf og því þörf á að öll viti til hvers er ætlast af þeim og séu meðvituð um þörfina á forvarnarfræðslu og forvarnarteymum,“ segir Kolbrún. ■

Tugþúsunda herlið í viðbragðsstöðu

Atlantshafsbandalagið brýnir nú klærnar vegna stöðunnar á landamærum Rússlands og Úkraínu. Tæplega 50 þúsund manna herlið er haft í viðbragðsstöðu og hERGÖGNIN flæða austur.

kristinnhaukur@frettabladid.is

ALÞJÓÐAMÁL Bandaríkjamenn hafa sett 8.500 manna herlið í viðbragðsstöðu vegna spennunnar á landamærum Úkraínu og Rússlands. Hávær orðrómur er um að Atlantshafsbandalagið, NATO, geri slíkt hið sama fyrir 40 þúsund manna viðbragðsherlið sitt. Þessu liði fylgja meðal annars herþotur og herskip.

Danir hafa sent herskip til Eystrasaltsins og Spánverjar hyggjast senda skip til að vera á verði í Austur-Evrópu. Þessar tvær þjóðir munu einnig senda herþotur austur, Danir til Litáen og Spánverjar til Búlgaríu. Frakkar hafa lýst því yfir að þeir séu reiðubúnir til þess að senda herlið til Rúmeníu sem yrði undir stjórn NATO.

„Ég þakka fyrir að aðildarþjóðir NATO sendi okkur liðsauka,“ sagði Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri NATO, í yfirlýsingu. „NATO mun halda áfram að beita öllum tiltækum ráðum til þess að verja bandamenn okkar, meðal annars með því að styrkja varnir okkar í austri.“

Áður en Rússar hófu að grafa undan Úkraínu, með því að innlima Krímskaga árið 2014 og styðja leynt og ljóst uppreisnarmenn í Donbass-héraði, hafði NATO ekki herlið á sínum snærum í Austur-Evrópu. En síðan þá hefur fjórum fastaherdeildum verið komið á legg, í Póllandi og Eystrasaltsríkjum þremur. Þessar herdeildir eru undir stjórn Bandaríkjanna, Bretlands, Kanada og Þýskalands en eru samsettar af hermönnum úr mörgum



Aðildarriki NATO eru tilbúin að senda herlið að landamærum Úkraínu með stuttum fyrirvara.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Ég þakka fyrir að aðildarþjóðir NATO sendi okkur liðsauka



Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri NATO

aðildarþjóðum NATO. Íslendingar eru í liðunum sem staðsett eru í Eistlandi, Lettlandi og Litáen.

Lloyd Austin, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, ítrekaði á blaðamannafundi í gær að hermennirnir 8.500 væru aðeins í viðbragðsstöðu. „Við höfum ekki tekið neina ákvörðun um að senda herliðið frá Bandaríkjunum,“ sagði hann.

NATO-ríkin hafa verið treg til að lýsa því yfir að þau muni senda herlið til þess að mæta Rússum, fari þeir yfir landamærin. Þau hafa hins vegar sent mikið af bæði fjármagni og hERGÖGNUM til landsins, svo sem skotvopn, skotfæri og skriðdreka-varnarflaugar.

Verðmæti þess sem Bandaríkjamenn einir hafa sent eru 400 milljónir dollara, eða tæplega 52

milljarðar króna. Bretar hafa sent 30 manna sérsveitarlið til Úkraínu ásamt hERGÖGNUM.


Þjóðverjar hafa verið hvað mest áberandi í því að reyna að lægja öldurnar, án þess að draga þó nokkuð úr stuðningi sínum við Úkraínumenn. Varaaðmírall að nafni Kay-Achim Schoenbach neyddist til að segja af sér fyrir það eitt að segja að Úkraína myndi ekki fá Krímskaga aftur. Þjóðverjar eru líka sagðir ætla að nota Nord 2-gasleiðsluna, sem Rússar hafa eytt miklum fjármunum í, sem vopn í viðræðunum.

Önnur þjóð sem beitir sér fyrir því að lægja öldurnar eru Tyrkir. Forsetinn Recep Erdogan hefur lýst því yfir að hann hyggist heimsækja Úkraínu á næstu vikum og að hann sé í samskiptum við Pútín Rússlandsforseta út af stöðunni. ■

Ankringislegt að Strandabyggð skeri sig ein úr

bth@frettabladid.is

Strandabyggð sker sig úr með ekkert smit



STRANDABYGGÐ „Þetta er auðvitað bara ein af þessum ankringislegu tilviljunum,“ segir Jón Jónsson, sveitarstjórnarmaður í Strandabyggð og þjóðfræðingur.

Ekkert einasta Covid-smit er nú í Strandabyggð. Sker sveitarfélagið sig úr frá öllum öðrum sveitarfélögum landsins hvað þetta varðar en veiran hefur farið hratt yfir flest byggð ból á landinu undanfarið.

Nokkur smit hafa áður komið upp í hreppnum að sögn Jóns. Þótt sveitarfélagið sé ekki í hópi hinna fjölmennustu telur Jón það ansi vel sloppið og ankringislegt að íbúarnir séu nú veirufriir. Ef lesandur kannast ekki við orðið skal upplýst að ankringislegt getur merkt undarlegt eða dularfullt og jafnvel haft fleiri merkingar.

Þó nokkuð er um ferðamenn í héraðinu og sætir fyrir vikið að sögn Jóns enn meiri tíðindum að veiran sé ekki sem stendur að höggva skörð í heilsu íbúanna. Sem dæmi nefnir Jón að Galdrasýningin á Ströndum laði að allan ársins hring. Jón ber sjálfur ábyrgð á göldrum í héraði

sem forstöðumaður safnsins en hann verst svara þegar spurt er hvort það sé töfrum líkast að engin smit séu í sveitarfélaginu.

„Mér finnst að það eigi að fara að tilmælum sóttvarnalæknis og fara varlega,“ segir Jón um framhaldið. „Það er tiltölulega nýbúið að bólu-



Jón Jónsson, sveitarstjórnarmaður í Strandabyggð og þjóðfræðingur

setja börn og vantar seinni sprautuna. Best að sem flestir séu bólusettir áður en við sleppum öllu lausu. Ég vil fara varlega.“

Hátíðin Vetrarsól verður haldin í Strandabyggð um helgina. Jón segir íbúana iðna að finna leiðir til að bregðast við takmörkunum.

„Við förum mikið út að leika okkur og það verður ljósmyndaleikur fyrir krakkana, útibingó, streymi og fleira. Þetta verður hæg-lætishátíð,“ segir Jón. ■

ÞITT BESTA ÁR HEFST MEÐ RÚMI FRÁ HÄSTENS



Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum nætursvefni. Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við óþreytandi handverkið. Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn. Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.

BE AWAKE FOR THE FIRST TIME IN YOUR LIFE® | HASTENS.COM

Hästens 
since 1852

HÄSTENS VERSLUN
Faxafeni 5, Reykjavík
588 8477

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.-fös. 11-18 | Lau. 11-16
www.betrabak.is

**Betra
BAK**



Ísland fellur um sæti í mælingu á spillingu milli ára.



Talningarklúðrið í Borgarnesi mun hafa áhrif á mælda spillingu á Íslandi. Frá vettvangsferð undirbúningskjörbréfa-nefndar.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR

Namibíumál og talningarklúðrið dæmi um íslenska spillingu



Björn Þorláksson
bth
@frettabladid.is

Töluverður munur er á mældri spillingu hér og hjá frændum okkar í Skandinavíu. Frændhygli er enn mein að mati talsmanna Íslandsdeildar Transparency. Kallað er eftir stífara regluverki.

SAMFÉLAG Staða Íslands er ekki góð er kemur að spillingu að sögn stjórnarformanns Íslandsdeildar Transparency. Ísland þurfi að bindast regluverki og dómstólum annarra þjóða með sterkari hætti en nú er, til dæmis hvað varðar banka-efirlit og samkeppnishætti.

Transparency International hefur birt árlegan lista um spillingu í ríkjum heims. Ísland lækkar um eitt sæti, skipar nú 13. til 18. sætið á listanum. Skandinavísku ríkin mælast með mun minni spillingu en hér á landi. Mælingin byggir á rannsóknum sérfræðinga og upplifun viðskiptaforköla um umfang spillingar innan opinbera geirans.

„Það verða litlar framfarir meðan enginn raunverulegur vilji er til að auka gagnsæi í stjórnmalum og viðskiptum sem og meðal stofnana og í opinberu lífi almennt,“ segir Jóhann Hauksson, formaður Íslandsdeildar Transparency.

„Það er heldur engin ástæða til bjartsýni þegar íslenskir fjölmiðlar með sitt eftirlitshlutverk eru hálf lamaðir og líklega í einhverri dýpstu kreppu sem um getur í sögu lýðveldisins,“ bætir hann við. „Á sama tíma eru launaðar málpípur stórfyrirtækja, stofnana og stjórn mála orðnar tvöfalt fleiri en blaða- og fréttamenn á okkar litla málsvæði.“

Namibíumál Samherja vegur þungt í mælingu á spillingu hér á landi að sögn Atla Þórs Fanndal, framkvæmdastjóra Transparency á Íslandi.

„Samherjamálið er ofsalega stórt, ekki bara á íslenskan mælikvarða heldur á heimsvísu,“ segir Atli. „Það er hefðbundið mótumál á evrópskan mælikvarða og ýmislegt í fyrstu viðbrögðum íslenskra yfirvalda var mjög furðulegt eins og þegar

ráðherrann hringdi til að athuga hvernig félagi hans hefði það.“

Eitt umtalaðasta fréttamál síðasta árs var talningarklúðrið í Norðvesturkjördæmi eftir þingskosningarnar. Spurður hvort það eigi þátt í mælingunni nú segir Atli að Borgarnesmálið muni hafa áhrif á spillingarvísitölu Íslands næstu ár. Úrlausn þess hafi þó komið svo seint fram á árinu 2021 að málið vegi ekki í nügildandi vísitölu.

„Mér sýnist að niðurstaðan muni ekki þykja mjög finn pappír þegar það verður skoðað utan frá.“

Spurður um rökstuðning þeirra orða, nefnir Atli að vafasamt muni þykja að Alþingi hafi sjálft fellt úrskurð í málinu. Þá sé líklegt að málið fari fyrir Mannéttindadómstólinn og fleira.

Athygli vekur að Ísland mældist með minni spillingu áður fyrr. Atli segir að engar sannanir séu þó fyrir að spilling sé meiri nú en áður. Aðferðafræðin sé betri nú við mælinguna.

„Það var svo lítið áður um varnir gegn spillingu og tregða til að vidurkenna hana.“

Jóhann Hauksson er á sömu skoðun. Hann nefnir að árið 1999 hafi Ísland fullgilt samning um aðild að Evrópustofnuninni GRECO sem fylgist með, metur spillingu innan Evrópuríkja og leggur fram tilmæli um úrbætur.

„Það var greinilegt á fyrstu skýrslu GRECO um Ísland 2001 að sterkur grunur var um að spilling væri áður vanmetin á Íslandi,“ segir Jóhann.


Íslenskir viðmælendur úr stjórnkerfinu hafi verið „taldir bláeygir“ eins og Jóhann orðar það og ekki líklegir til að ganga úr skugga um hvort spilling ríkti á Íslandi ef þeir væru fyrir fram þeirrar skoðunar að á Íslandi væri lítil sem engin spilling. „Ísland drattadist svo ekki til að lagfæra spillt fjármál stjórnmalaflokka með lögum fyrr en GRECO hafði sett ofan í við stjórnvöld. Það var árið 2006,“ segir Jóhann.

Um ástæður þess að hin Norður-



Mælingin byggir á rannsóknum sérfræðinga og upplifun viðskiptaforköla.

Minnst spilling í Skandinavíu



Ísland er á pari við mörg Evrópulönd hvað spillingu varðar, best er ástandið í Skandinavíu. Því fleiri stig, því betra.



Ísland er landið þar sem þú ert alltaf að keppa við að vera frændi einhvers.



Atli Þór Fanndal, framkvæmdastjóri Transparency á Íslandi



Það er heldur engin ástæða til bjartsýni þegar íslenskir fjölmiðlar með sitt eftirlitshlutverk eru hálf lamaðir.



Jóhann Hauksson, formaður Íslandsdeildar Transparency

löndin virðast minna spillt en Ísland segir Atli Þór að í Skandinavíu sé miklu lengri hefð fyrir því að nálgast spillingu af meðvitund, þar sé stífara regluverk og minni þolinmæði í kerfinu.

„Þetta er menningartengt,“ segir Atli. „Noregsdeild Transparency varð til meðal annars út af átaki atvinnulífsins þar en hér er það meira almenningur sem hrindir bylgju af stað,“ bæti hann við og er skemmtast að minnast viðbragðanna eftir hrundið.

Í alþjóðlegri vísindalegri viðhorfakönnun kom fram í fyrrahaust að fremur en að menntun

og dugnaður ráði verðleikum hér á landi hefur almenningur á Íslandi töluvert sterkari hugmyndir en aðrir Norðurlandabúar um að auðmagn og pólitísk tengsl móti hér tækifæri. Íslendingar eru á pari við Rússa í þeim skoðunum og vakti athygli þegar Fréttablaðið greindi frá niðurstöðunum í september síðastliðnum.

„Ísland er landið þar sem þú ert alltaf að keppa við að vera frændi einhvers,“ segir Atli.

Karl Eskill Pálsson, upplýsingafulltrúi Samherja, vildi ekki segja neitt um málið þegar leitað var viðbragða fyrirtekisins. ■

TIL HAMINGJU!



Sigrún Helgadóttir hlýtur Íslensku bókmenntaverðlaunin 2021
í flokki fræðibóka og rita almenns efnis fyrir verkið
Sigurður Þórarinnsson - Mynd af manni.

Ævisaga eins helsta náttúruvísindamanns Íslendinga.



■ Skoðun

Helgi Vifill
Júlíusson



Ábyrgð banka

Bankarnir þurfa að líta sér nær þegar kemur að samfélagsábyrgð. Þeir ættu að hlúa betur að almennum fjárfestum í Kauphöllinni.

Enginn banki birtir verðmöt opinlega þrátt fyrir að MiFID II tilskipun Evrópusambandsins heimili þeim að gefa landsmönnum greiningar á smærri fyrirtæki. Öll fyrirtækin í Kauphöllinni flokkast sem smá nema þrjú.

Tilskipunin gerir annars þá kröfu til banka að þeir rukki viðskiptavinum fyrir greiningar en láti þær ekki fylgja með í kaupnum þegar þóknun er greidd í verðbréfavíðskiptum eins og lengi hafði tíðkast.

Flestir landsmenn njóta góðs af því að styðjast við greiningar þegar fjárfest er í fyrirtækjum. Það er mikilvægt að greiningarnar komi úr nokkrum áttum til að efla skodanaskipti og dýpka umræðu um fjárfestingar. Það væri slæmt ef flestir landsmenn treystu á einn greinanda.

Bankarnir stæra sig af því að sýna samfélagsábyrgð. Nú þegar almenningur fjárfestir sem aldrei fyrr í hlutabréfum í ljósi lágs vaxtastigs telst það til samfélagslegrar ábyrgðar að vinna greiningar og veita þannig innsýn í markaðinn.

Sparnaður almennings er að miklu leyti í lífeyrissjóðum. Það hefur verið ákall um að leyfa fólki að ráðstafa sérleigjarnarlífeyris-sparnaði sínum eftir hentugleika, hvort sem það kys að fjárfesta sjálft eða í verðbréfasjóðum. Slíkt hefði ýmsa kosti í för með sér. Til að sú lagabreyting verði að veruleika er mikilvægt að auka upplýsingagjöf til fjárfesta. ■

Fyrirtækjaráðgjafar eru bjartsýnir

Sérfræðingar í fyrirtækjaráðgjöf eru á einu máli um að verkefni síðasta árs hafi verið mörg og fjölbreytt.

magdalena@frettabladid.is

Fyrirtækjaráðgjafar eru bjartsýnir á að árið í ár verði gott og mörg og fjölbreytt verkefni séu fram undan. Þeir eru sammála um að síðasta ár hafi verið einstaklega gott en nokkrir spá því að þetta ár verði ennþá betra.

Jón Þór Sigurvinsson, forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar Arctic Finance, kveðst vera bjartsýnn á að verkefni hjá fyrirtækjaráðgjöfum verði fjölbreytt og mörg á þessu ári. „Almennt séð var árið í fyrra mjög gott og eitt af okkar bestu árum. Að sama skapi fer árið 2022 vel af stað,“ segir Jón Þór og bætir við að líklegast verði talsvert um fyrirtækjakaup, markaðsfjármögnun og skráningarverkefni á árinu. „Það er aukinn áhugi á skráningu fyrirtækja á First North markaðinn og má í því samhengi nefna skráningu Play í fyrra. Hægt er að skrá fyrirtæki fyrr á þann markað en aðalmarkað, en slíkt gæti reynst áhuga-verður kostur í núverandi umhverfi. Þessi aukni áhugi á First North er í samræmi við þróun síðustu ára á hinum Norðurlöndunum.“

Baldur Stefánsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar Kvik, segir að síðasta ár hafi verið eitt það besta í fyrirtækjaráðgjöf á Íslandi í töluverðan tíma og að útlitið fyrir árið 2022 sé almennt nokkuð gott. „Verkefnastaða sýnist mér vera nokkuð góð og markaðsaðstæður hafa verið hagfelldar. Það er að segja, viðskiptavilinn hefur verið töluverður og líklegt að það skrifist ekki að einhverju leyti á lágt vaxtastig. Eigendur fyrirtækja sem hafa áhuga á að selja hafa litit svo á að lágur fjármagnskostnaður skili sér í herra verðmati og að sama skapi hafa þeir sem líta til þess að klöfesta fyrirtæki litit á það sem tækifæri að fá lánsfjármagn á hagkvæmum kjörum,“ segir Baldur.



Baldur Stefánsson segir að víða erlendis hafi verið mikið um samruna og kunni að vera að það séu einhverjar sameiningar framundan í ferðaþjónustunni.

FRÉTTABLAÐID/
EYFÓR

Lovísa Anna Finnbjörnsdóttir, sviðsstjóri fjármálaráðgjafar Deloitte, kveðst vera bjartsýn fyrir árið og býst jafnvel við að það verði enn betra en í fyrra. „Á þessu ári er töluvert af viðskiptum í pipunum, búast má við að fleiri skráningar fylgi í kjölfarið á góðu ári í kauphöllinni þar sem við sáum stórar og vel heppnaðar skráningar. Einnig er mikið líf á óskráða markaðnum,“ segir Lovísa og bætir við miklar væntingar séu af hálfu þeirra sem starfa í fyrirtækjaráðgjöf. „Hlutabréfamarkaðurinn hefur gengið vel og mikið fjármagn er í umferð í leit að góðum tækifærum. Nokkrir framtakssjóðir kláruðu fjármögnun á síðasta ári og eru að hefja sitt fjárfestingartímabil og fleiri framtakssjóðir væntanlegir. Kauphallarfélagin hafa jafnframt svigrúm til fjárfestinga. Þannig að búast má við að lífligri kauphlið á óskráða markaðnum.“

Jón Þór bætir við að markaðurinn sé almennt nokkuð bjartsýnn. „Það er mikið fjármagn í umferð og mikið af fjármagni í leit að fjárfestingum. Fjárfestar virðast vera farnir að trúa því að Covid-ástandið muni ekki vara endalaust og ferðaþjónustan að sama skapi bjartsýn á



Það er mikið af fjármagni í umferð og mikið af fjármagni í leit að fjárfestingum.

Jón Þór Sigurvinsson, forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar Arctic Finance

á næsta sumar geti orðið betra en síðustu tvö.“ Hann segir jafnframt að frekari sameiningar séu í kortunum. „Það hafa til dæmis orðið ansi margar sameiningar í ferðaþjónustu á undanförunum misserum. Við eigum von á því að slík þróun haldi áfram, bæði í ferðaþjónustu og öðrum geirum.“

Baldur segir jafnframt að sé horft til ársins 2020 hafi það verið misgott hjá bönkum og fyrirtækjaráðgjöfum landsins.

„Þegar Covid skall á hafði það strax áhrif á viðskiptaviljann. Fjárfestar vildu aðeins biða og sjá hvernig þessi faraldur myndi þróast. Það

hæðgi á einhverjum verkefnum en viðskipti fóru að taka aftur við sér undir lok árs 2020 og eins og áður sagði varð 2021 mjög gott ár.“

Baldur bætir við að víða erlendis hafi verið mikið um samruna og yfirtökur á síðasta ári og hérlendis kunni einhverjar sameiningar að vera fram undan, sérstaklega í ferðaþjónustunni. „Þetta hefur verið erfður tími fyrir ferðaþjónustuna og við erum byrjuð að sjá að þar eru fyrirtæki sem eru að leita eftir hagráðingum. Það kann að vera að það séu einhver fyrirtæki sem komist ekki í gegnum þessa Covid-dýfu ef ástandið fer ekki að jafna sig fljótlega. En rekstur þessara fyrirtækja kann vel að vera arðbær undir öðrum formerkjum svo það er ekki ólíklegt að það verði talsvert gerjun í fyrirtækjaráðgjöf í kringum ferðaþjónustuna á komandi misserum.“

Baldur segir jafnframt að hann buist við fjölbreyttum verkefnum á næstunni. „Það er þannig í fyrirtækjaráðgjöf að það er alltaf nóg að gera en verkefni eru mögulega misarðbær eftir því hvað markaðsaðstæður eru góðar. Ég sé fyrir mér að það verði góður gangur á næstunni hjá okkur og mörg spennandi verkefni.“ ■

RAFMÓTORAR



SCANVER 588 80 40
EHF www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

Ráðherra lítur mögulega skerðingu á raforku alvarlegum augum

helgivifill@frettabladid.is

Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, lítur tilkynningu Landsvirkjunar um að mögulega verði dregið úr afhendingu raforku alvarlegum augum. Um leið og ráðuneytið varð þess áskynja voru fulltrúar Landsvirkjunar og Orkustofnunar kallaðar á fund og í kjölfar þess var sett af stað vinna til að bregðast við vandanum.

„Staðan kom mér satt að segja á óvart. Um leið og ég varð þess áskynja hvernig málin stæðu þá leit ég það mjög alvarlegum augum. Fundaði ég þegar í stað með aðilum sem lýst höfðu yfir áhyggjum vegna stöðunnar til skamms tíma og er unnið að lausn málanna. Þá fundaði ég með Orkustofnun vegna stöðunnar en stofnunin sendi í kjölfarið bréf á raforkufyrirtækin eins og fjallað hefur verið um í fjölmiðlum í vikunni,“ segir hann.

Í byrjun árs skipaði ráðherra starfshóp sem vinnur að grænbók um stöðu og áskoranir í orkumálunum. Grænbókin mun gera grein fyrir orkuþörfinni og stöðunni á flutningskerfinu.

„Þessi mikilvægu verkefni eiga að gera okkur ljóst hver staðan er og



Landsvirkjun mun mögulega draga úr orkuafhendingu. FRÉTTABLAÐID/VILHELM



Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra

hvaða áskorunum við stöndum frammi fyrir. Það verður ekki gert nema með bestu mögulegu upplýsingum,“ segir Guðlaugur Þór.

Ráðherra skipaði einnig starfs-

hóp sem vinna á tillögum að bættu raforkuöryggi hér á landi. „Það er mjög mikilvægt af mörgum ástæðum, en sérstök áhersla er á að tryggja raforkuöryggi fyrir heimilin í landinu,“ segir Guðlaugur Þór.

Á þingmálaskrá vörðings voru sett fram frumvörp um að einfalda tæknilegar uppfærslur og aflakningar á virkjunum sem þegar eru í rekstri og einföldun á niðurgreiðslukerfi varmadælna en reynslan af þeim hefur skilað sér í orkusparnaði fyrir neytendur og samfélög. ■

Gledilegt nýtt ferðarár

FJALLAVERKEFNI FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS

Nú um áramót er góður tími til að setja sér göfug markmið um að stunda útivist, fjallamennsku, reglubundna hreyfingu og taka um leið þátt í góðum félagsskap.

Ferðafélag Íslands stendur fyrir fjölda fjalla-
verkefna þar sem allir eiga að finna eitthvað
við sitt hæfi: *Fí Landvættir · Fí Landkönnuðir · Fí Alla
leið · Fí Göngur og gaman · Fí Esjan öll · Fí Þrautseigur
Fí Léttfeti · Fí Fótrár · Fí Fyrsta- skrefið · Fí Heilsu-
göngur · Fí Fjallahlaup · Fí - Heilsuprek · Fí Útibrek
Fí Kvennaskraftur · Fí Með allt á bakinu · Fí Eldri og
heldri · Fí Hjóladeildin · Fí Rannsóknarfelagið · Fí
Útivistarskólinn.*

Meginmarkmið þessara hópa er útivera, náttúru-
upplifun, gleði og góður félagsskapur. Eins og í
öllum ferðum Ferðafélags Íslands er mikil áhersla
lögð á fræðslu og öryggi á fjöllum.

Nánari upplýsingar um öll verkefni Fí má finna á
heimasíðu félagsins **www.fi.is**

Upplýsingar um sumarleyfisferðir, helgarferðir, dags-
ferðir, skíðaferðir, námskeið, Ferðafélag barnanna
og Fí Ung má finna á heimasíðunni www.fi.is

Ferðaáætlun Fí kom út í byrjun desember 2021
og hefur fengið frábærar viðtökur.



Spá vaxandi fjölda ferðamanna á þessu ári

Aðalhafgræðingur Íslandsbanka spáir meiri hagvexti í ár en á síðasta ári og segir hann að allar forsendur séu fyrir hendi til að ferðaþjónustan taki við sér á þessu ári.

magdalena@frettabladid.is

Íslandsbanki spáir 4,7 prósentu hagvexti á þessu ári og býst við að ferðamönnum muni fjölga. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri þjóðhagsspá Íslandsbanka sem kom út í morgun. Jón Bjarki Bentsson, aðalhafgræðingur Íslandsbanka, segir að fram undan sé gott vaxtarár.

„Við erum að spá aðeins meiri hagvexti heldur en í fyrra. Stóra breytingin er sú að í fyrra var vöxturinn að stærstum hluta drifinn áfram af innlendra eftirspurn. Við sáum myndarlegan vöxt í einkaneyslu og sérlega myndarlegan í fjárfestingu. Á meðan var útflutningsvöxturinn aðeins minni en við væntum,“ segir Jón Bjarki og bætir við að von sé á myndarlegum útflutningsvexti í ár.

„Sá vöxtur er að stórum hluta að þakka auknum fjölda ferðamanna og góðri loðnuvertíð. Einnig sjáum við talsverðan vöxt í eldisfiski og hugbúnaðarútflutningi og í fleiri greinum. Við munum einnig halda áfram að sjá kröftugan vöxt í einkaneyslu.“

Jón Bjarki segir jafnframt að hann búist við mun fleiri ferðamönnum í ár heldur en í fyrra. „Við gerum ráð fyrir að ferðamenn á árinu verði um 1,1 til 1,2 milljónir í ár. Við gerum ráð fyrir aðeins færri ferðamönnum í ár heldur en við gerðum ráð fyrir í haustspánni. Ástæðan fyrir því er fyrst og fremst það bakslag sem varð í faraldrinum og aðgerðum og hvaða áhrif þær hafa á sóttvarnir og ferðavilja næsta kastið,“ segir



Íslandsbanki spáir því að ferðamenn á árinu verði um 1,1 til 1,2 milljónir.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

4,7%

Íslandsbanki spáir 4,7 prósentu hagvexti á árinu og segir aðalhafgræðingur bankans að fram undan sé gott vaxtarár.

Gera ráð fyrir umtalsverðri gengisstyrkingu

Jón Bjarki segir að bankinn spái því að krónan verði í heildina á litid 8 til 9 prósentum sterkari árið 2024 en hún var um áramótin. „Þetta hangir saman við þennan viðsnúning sem við sjáum í viðskiptajöfnuðinum. Tengist því að útflutningur er að vaxa hraðar og að innlenda eftirspurnin vex heldur hægar, sem

þýðir að þó innflutningurinn sé að vaxa tekur útflutningurinn fram úr og það verður gjaldþyrmsinnflæði vegna utanríkisviðskipta. Loðnuvertíðin fer að skila sínu og ferðaþjónustan einnig. Á sama tíma eru stoðir krónunnar sterkar. Þess vegna gerum við ráð fyrir þessari umtalsverðu gengisstyrkingu.



Það sem er jákvætt er að ferðavilji fólks milli landa er ekki jafn næmur fyrir sveiflum í faraldrinum og verið hefur.



Jón Bjarki Bentsson, aðalhafgræðingur Íslandsbanka

Jón Bjarki og bætir við að fyrsti þriðjungur ársins verði heldur rýr í roðinu varðandi komu ferðamanna.

„Við sjáum fyrir okkur að Bretar muni að öllum líkindum ekki koma í sama mæli og þeir hafa oft stundað vetrarferðamennsku hér á landi. Það sem er jákvætt er að ferðavilji fólks milli landa er ekki jafn næmur fyrir sveiflum í faraldrinum og verið hefur. Síðan er þorri þeirra ferðamanna sem eru að sækja Ísland heim bólusettur.

Þannig að við sjáum á könnunum og heyrum á bókunarstöðu ferðaþjónustunnar að það er ástæða til bjartsýni og að fólk horfir til Íslands í ríku mæli. Við höfum notið góðs af því að hér sé rúmt um fólk og hægt sé að ferðast án þess að vera í of miklu návígi við aðra ferðamenn.“ ■



Líftækniyrirtækið Alvotech hyggur á skráningu á Nasdaq-hlutabréfmarkaðinn með tvíhliðaskráningu í íslensku kauphöllina.

MYND/ADSEND

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja keypti í Alvotech fyrir hálfan milljarð

helgivifill@frettabladid.is

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja var eini lífeyrissjóður landsins sem tók þátt í seinni hluta hlutafjár aukningar Alvotech sem tilkynnt var um á dögunum, eftir því sem Markaðurinn kemst næst.

Einkafjárfestar og hlutabréfsjóðir skráðu sig fyrir megninu af 21 milljón Bandaríkjadala, jafnvirði 2,7 milljarða króna, viðbótarhlutafjár aukningu sem tilkynnt var um 19. janúar. Alvotech vildi ekki upplýsa Markaðinn um hverjir tóku þátt í hlutafjár aukningunni.

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja keypti fyrir fjórar milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði rúmlega hálf milljarðs króna, samkvæmt svörum frá sjóðnum. Hlutdeild Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja í útboðinu var 19 prósent.

Líftækniyrirtækið Alvotech, sem stofnað var af Róberti Wessman, hyggur á skráningu á Nasdaq-hlutabréfmarkaðinn með tvíhliðaskráningu í íslensku kauphöllina.



Róbert Wessman, stofnandi og stjórnarformaður Alvotech

Skráningin verður gerð með samruna við sérhæfða yfirtökufélagið (e. SPAC) Oaktree II.

Gert er ráð fyrir að sameining fyrirtækjanna skili Alvotech 475 milljónum dala, jafnvirði 61 milljarðs króna (ef gert er ráð fyrir engum innlausnum). Þetta felur í sér 250 milljóna dala innspýtingu reidufjár sem kemur úr sjóðnum Oaktree II (ef gert er ráð fyrir engum innlausnum), yfir 175 milljónum dala með beinni hlutafjár aukningu og 50 milljónum dala frá núverandi hluthöfum sem þeir fjármögnuðu fyrir árslok 2021.

Áætlað heildarvirði sameinaðs fyrirtækis er um 2,25 milljarðar dala. ■

Fjárfestar hafa auga með aðgerðum helstu seðlabanka heimsins



Vignir Þór Sverrisson fjárfestingastjóri hjá Íslandssjóðum


Síðastliðin ár hafa verið áhugaverð á verðbréfamörkuðum. Covid-faraldurinn hækkaði eignaverð þvert á fyrstu spár. Stýrivextir lækkuðu, ávöxtunarkrafa skuldabréfa sömuleiðis og hlutabréf hækkuðu mikið í verði. Áhættuvitund fjárfesta var að einhverju leyti sett í aftursætið og þeir aðilar sem tóku mestu áhættuna fengu hæstu ávöxtunina.

Í lok árs 2021 voru verðbréfmarkaðir nálægt hágildum sínum og verðbólga farin að aukast víða. Jerome Powell, bankastjóri bandaríska seðlabankans, hóf að tala um að verðbóluskotið væri tímabundið og ekkert alvarlegt og áhrif faraldursins væru að koma fram í hækkanandi verði þar sem allt væri að færast til fyrri vegar. Verðbólgan í Bandaríkjunum náði 7 prósentum í janúar og hefur ekki verið meiri síðan 1982. Fyrir okkur sem höfum gaman af söguskiðun voru stýrivextir árið 1982 um 15 prósent í Bandaríkjunum og markmiðið var skýrt, að halda stýrivöxtum háum til að ná niður verðbólgu.

Hvað tekur við? Í dag er staðan þó allt önnur. Í sjö prósentu verðbólgu eru stýrivextir nú 0,25 prósent í Bandaríkjunum. Seðlabanki Banda-

Magnbundin íhlutun hefur stutt við hlutabréfaverð

■ Heildareignir Seðlabanka Bandaríkjanna ■ S&P500



rikjanna stundar enn magnbundna íhlutun á mörkuðum (e. Quantitative easing) en það er nokkuð nýlegt fyrirbæri sem felst í því að seðlabankar hafa keypt skuldabréf á markaði og þannig haldið vöxtum lágum yfir lengri tíma. Í ársbyrjun 2022 blasir þó við nýr raunveruleiki. Seðlabankar eru farnir að huga að hærri vöxtum og því sem má kalla leitni að eðlilegu ástandi. Í Bandaríkjunum er þegar farið að verðleggja fjórar vaxtahækkunar á árinu inn í núverandi vaxtaróf.

Sögulega er erfitt að meta hver áhrifin verða þegar seðlabankar hefja að hækka vexti á sama tíma og þeir draga úr stuðningi við hakerfin í formi magnbundinnar íhlutunar. Sér í lagi ef núverandi hagþölur versna. Ef rýnt er í meðfylgjandi mynd má segja að gifurleg

íhlutun Seðlabanka Bandaríkjanna hafi snúið hratt við þeirri lækkuð hlutabréfaverð sem varð fljótlega í kjölfar faraldursins. Fjármagn var ódýrt og vextir lágir. Hvert annað áttu fjárfestar að sækja ávöxtun?

Fjárfestingarárið 2022 verður áhugavert fyrir margar sakir. Seðlabanki Íslands er í vaxtahækkunarferli, bandaríski seðlabankinn er farinn að ýja að hækkuð vaxta og að minnka efnahag sinn. Í Evrópu erum við ekki enn að sjá vaxtahækkunar á neinu ráði frá seðlabanka Evrópu. Það að faraldurinn og áhrif hans fari minnkandi veitir okkur betri upplýsingar og innsýn í það sem kalla má eðlilegt ástand á mörkuðum og í rekstri fyrirtækja. Augu fjárfesta eru því á seðlabönkum heimsins og aðgerðum þeirra á komandi ári. ■

Segir að umfram allt verði að vera gaman

Svipmynd

Kristín Inga Jónsdóttir

Nám: MS í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum og BA í félagsráðgjöf hjá HÍ.

Störf: Forstöðumaður markaðsdeildar hjá Póstinum. Þar á undan markaðssérfræðingur hjá Póstinum, markaðsfulltrúi hjá Kynnisferðum og verkefnastjóri í markaðsdeild WOW air.

Fjölskylduhagir: Í sambúð með Elíasi Fannari Stefnissyni, pípara og meðeiganda H2O lagna. Saman eigum við þriggja ára ofurkonu, Elísabetu Ósk.

Kristín Inga Jónsdóttir, forstöðumaður markaðsdeildar Póstsins, segir að það hafi verið hrist upp í vörumerki fyrirtækisins að undanfögnu. „Nú erum við að hefjast handa við að skerpa aðeins á leikreglum og framkvæma vörumerkjarýni sem er alltaf skemmtilegt verkefni fyrir markaðsdeild,“ segir hún.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Ef það felur í sér sköpun, samskipti við annað fólk eða skemmtun þá þrífst ég vel! Umfram allt verður að vera gaman. Elska hlaup, sund og úti-vist. Þessa dagana eiga vinnan, fjölskyldan og framkvæmdir allan minn hug. Ég er svo heppin að vinna í skemmtilegu umhverfi og hef brennandi áhuga á því sem ég er að fást við þar. Svo erum við fjölskyldan á fullu í framkvæmdum núna að gera upp



gamalt hús sem er mikið fjör en við erum öll svoddan brasarar þannig að engum leiðist. Ég fæ hellingu útrás í þessu öllu saman og það hentar mér voða vel að hafa nóg fyrir stafni.

Hver er þín uppáhaldsborg?

Erfitt val en Barcelona er mjög ofarlega á þeim lista. Hún er svona ein með öllu að mínu mati, skemmtileg stórborg með geggjaðar strendur, allt morandi í menningu og list og svo sangrí á hverju horni!

Hver hafa verið mest krefjandi verkefni á undanförunum miss-erum?

Síðasta vor tók ég við stjórn

markaðsdeildar hjá Póstinum sem var stórt skref fyrir mig. Á sama tíma duttum við fjölskyldan niður á draumahúsið okkar á Kársnesinu sem við þurftum að byrja á að gera fókheld. Þannig að við seldum finu íbúðina okkar í Lindunum, fluttum búslóðina í bílskúrinn hjá ömmu og settumst að öll fjölskyldan í gamla herberginu mínu hjá mömmu og pabba! Síðan þá höfum við eytt nánast öllum okkar frítíma í skítagallanum, með okkar nánasta fólk í sjálfskipuðum þrælubúðum og eina þriggja ára ofurkonu með okkur sem er auðvitað alltaf aðalverkstjórn.

inn. Nú sjáum við loksins fram á flutninga fljótlega sem verður kærkomið þó kommúnustemningin heima hafi haft sinn sjarma.

Nú fer líka að verða liðið ár síðan ég tók við markaðsdeildinni og vá hvað ég er búin að læra mikið á þessum stutta tíma. Þetta hefur verið svaka törn og hátt tempó á öllum vígstöðvum en það er stundum eins og töfrarnir gerist fyrir utan þægindarammann og ég er ánægð að hafa hjólað í þessi tækifæri.

Hver eru helstu verkefni fram undan?

Næst á dagskrá eru flutningar og

Barcelona er í miklu uppáhaldi hjá Kristínu Ingu. „Borgin er ein með öllu að mínu mati,“ segir hún.

MYND/ADSEND



Síðasta vor tók ég við stjórn markaðsdeildar hjá Póstinum sem var stórt skref fyrir mig.

gæðastundir í nýja húsinu. Sanka að sér fullt af gömlu drasli til að dytta að í skúrnum. Kannski stofna bílskúrsband til að gera endanlega út af við nágrannana? Nei, nei.

Svo er spennandi ár fram undan hjá Póstinum, stútfullt af nýjungum og framþróunarverkefnum með viðskiptaumönnun og þjónustu-upplifun að leiðarljósi. Við höldum áfram að stækka dreifikerfið okkar með fjölgun Póstboxa um allt land og nú með nýjum möguleikum þar sem hægt er að sækja, senda og skila í Póstboxin!

Við höfum hrist hressilega upp í vörumerkinu síðan ég byrjaði og gert alls konar æfingar með það þannig nú erum við að hefjast handa við að skerpa aðeins á leikreglum og framkvæma vörumerkjarýni sem er alltaf skemmtilegt verkefni fyrir markaðsdeild. Ég er svo heppin að fá að leiða mjög óflugt markaðsteymi og vinna að fjölbreyttum verkefnum þvert á fyrirtækið með öllu því frábæra fólki sem starfar hjá Póstinum í dag og er virkilega spennt fyrir árinu og öllu því sem fram undan er. ■



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTTLEIKANS

NÝJAR LÓÐIR Í REYKJANESBÆ

Spennandi byggingalóðir til úthlutunar í Dalshverfi III

Reykjavíkurbær auglýsir til úthlutunar lóðir í norðurhluta 3. áfanga Dalshverfis sem staðsett er í austasta hluta bæjarins. Lóðirnar eru fyrir ein- og tvíbýli, rað- og fjölbýlishús.

Opnað verður fyrir umsóknir 26. janúar og fer fyrsta lóðaúthlutun fram 18. febrúar á fundi umhverfis- og skipulagsráðs. Teknar verða fyrir umsóknir sem berast viku fyrir fund.

Kynningarfundur um Dalshverfi III verður haldinn mánudaginn 31. janúar kl. 18.00 og verður hann í beinu streymi.

Nánari upplýsingar um umsóknir, skilmála, gatnagerðargjöld og byggingarétt er að finna á heimasíðu Reykjavíkurbæjar en þar verður einnig að finna hlekk á kynningarfundinn.

www.reykjavnesbaer.is

Varnarlaus stétt



Adalheiður Amundadóttir
adalheidur
@frettabladid.is

Það veldur vonbrigðum hve lítinn áhuga yfirvöld hafa á að veita fjölmiðlafólki vernd gegn árásum í starfi. Engin formleg eftirmál hafa orðið af hálfu lögreglu eða ákærvalds vegna þeirrar aðfarar sem farin var að Helga Seljan þáverandi fréttamanni hjá Ríkisútvarpinu. Það mál er í þá minnsta algerlega óuppgeft gagnvart almennungi í landinu sem hlýtur þó að eiga rétt á að vita hvaða augum það er litið af refsivörslukerfinu. Í síðustu viku bárust fréttir af innbroti og skemmdarverkum á ritstjórnarskrifstofum fjölmiðils og bíl ritstjórans. Ekki var annað að skilja á ritstjórnunum en að hann teldi lögreglu heldur áhugalaus um málið.

Það þarf vonandi ekki að útskýra hvers vegna almannahagsmunir krefjast þess að mál af þessum toga séu rannsökuð og upplýst, hvað sem að baki kann að búa og hvort sem gerendurnir eru óvitar eða valdafólk.

Það er mál margra í stétt fréttafólks að þeim stafi síst ógn af undirheimafólki og þekktum ofbeldismönnum, sem þó fá oft óvægna umfjöllun. Það er alls ekki síður fólk í háum stöðum og hjá valdamestu fyrirtækjum landsins sem hótar blaðamönnum og gefur þeim ástæðu til að óttast um öryggi sitt.

Lögreglan bregst ídulega hratt við ef fyrrnefndi hópurinn veitist að fjölmiðlum. Þannig fékk Jón Trausti Lúthersson fangelsisdóm fyrir að ráðast með ofbeldi á Reyni Traustason á ritstjórnarskrifstofum DV árið 2005.


Ekkert fréttist hins vegar af aðgerðum gegn auðmönnum og valdafólki sem reynir með glæpsamlegum aðferðum að hafa áhrif á umfjöllun fjölmiðla.

Þessi forgangsroðun lögreglunnar bitnar reyndar ekki eingöngu á fjölmiðlafólki heldur hefur stjórnmalafólk líka mátt þola að vegið sé að öryggi þess, jafnvel með afar fólkskulegum hætti. Enginn hefur verið ákærður fyrir að skjóta á bíl borgarstjóra í fyrra. Málið var látið niður falla án ákæru vegna þess að ákærvaldið taldi sig ekki hafa nægar sannanir til að ákæra þann sem grunaður var um verknaðinn. Byssu- maðurinn gengur því laus og borgarstjóri hlýtur oft að leiða hugann að því.

Líklega eru fæstir þeirrar skoðunar að blaðamenn og stjórnmalafólk sé merkilegra en annað fólk, en árásir sem hafa þann tilgang að þagga niður í fjölmiðlum eða hræða stjórnmalafólk til hlýðni eru hryðjuverk. Ef engin ábyrgð fylgir þessum árásum á lýðræðið og grunnstöðir þess eru yfirvöld að leggja blessun sína yfir hryðjuverk og senda þau skilaboð að ofbeldisfólk geti ráðist á lykilstarfsfólk lýðræðiskerfisins refsilaust. ■

Árásir sem hafa þann tilgang að þagga niður í fjölmiðlum eða hræða stjórnmalafólk til hlýðni eru hryðjuverk.

Halldór



Frá degi til dags

arib@frettabladid.is

Stóri bróðir

Það er eins og skrifað í handritin, sem við eigum eftir að fá skilað, að við þurfum að treysta á sjálfa Dani til að komast áfram í handboltanum. Er þetta eins og að þurfa að treysta á stóra bróðurinn úr Home Alone, hann elskar þig innst inni, en hann er allt eins vís til að þykjast detta á móti Frökkum bara til að hrella þig. Ef við náum að leggja Svartfellinga þá eigum við inni leik um fimmta sætið, leik sem hefst síðdegis á föstudaginn. Það er ekkert svo slæmt að lenda þar, eiga góðan leik sem heldur þjóðinni kátri fram að Gísla Marteini.

Húslestur

Það var viðbúið að heilbrigðisráðherra slakaði á sóttvarnatak-mörkunum innanlands. Hefst þá húslestur á smáa letrinu. Þríbölusettrir sem hafa orðið útsettir við smiti utan heimilis þurfa ekki lengur að fara í sóttkví. Heimili miðast við forstofuna. Þvotta-húsið telst sem fristundastarf. Tvíbölusettrir þurfa að fara í PCR-próf ef þeir fara inn í forstofuna. Halda skal tveggja metra reglu í margmenni. Margmenni er þegar margir koma saman, nema það séu tré, þá er það skógur. Bera þarf grímu ef tveir þriðju þríbölusettra eru utandyra. Fara þarf í hraðpróf ef þú ætlar á Njálu í Borgarleikhúsinu en ekki ef þú ætlar á Scream í Kringlubíó. ■

Sundabraut er á dagskrá



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
oddiviti Viðreisnar
í Reykjavík og for-
maður borgarráðs

Við nálgumst Sundabraut. Félagshagfræðigreining sem nú hefur verið birt sýnir að Sundabraut verður samfélagslega hagkvæmt verkefni, hvort sem farið verður í brú eða göng. Um það á eftir að taka ákvörðun. Skipulagið þarf auðvitað að taka tillit til þeirrar byggðar sem er í Reykjavík, bæði hvað varðar Vogana en ekki síður Grafarvog, þannig að Grafarvogsbúar hafi áfram gott aðgengi að útivistarsvæði sínu við ströndina. Verði brú fyrir valinu þarf einnig að huga að því að brúin verði falleg og verði eitt einkenni borgarlandsins.

Samgöngur fyrir okkur öll eru mikilvægar. Umferð eykst með sistækkandi borg. Frá síðustu sveitarstjórnarkosningum hefur íbúum Reykjavíkur fjölgað um 10.000 og samhliða hefur bílum fjölgað. Þess vegna er breytt samgönguskipulag, sem gerir ráð fyrir samgöngum hjólandi, gangandi og almenningssamgöngum með Borgarlínu, mikilvægt skref til að eini valkostur fólks verði ekki að ferðast með bílum. Við þurfum að fjölga valkostum og auka frelsi borgarbúa til að velja sér þær samgöngur sem þeim hentar besta. Við þurfum margar fjölbreyttar lausnir en ekki eina töfralausn.

Sundabraut ekki andstæða Borgarlínu

Sundabraut og Borgarlína eru ekki andstæður í samgöngum. Við þurfum ekki að velja þar á milli, eins og stundum er talað um. Báðar þessar framkvæmdir eru mikilvægar. Umferð inn í og út úr borginni þarf að vera greið. Þess vegna er það mikilvægt að þegar kemur að framkvæmdum við Sundabraut, að hún muni strax fara alla leið upp á Kjalarnes, í stað þess að framkvæmdin verði tekin í tveimur lotum. Slíkt myndi færa umferðarþunga um langa hríð upp í Grafarvog.

Næstu skref er að vinna umhverfismat og víðtækt samráð við íbúa í nærumhverfinu og aðra hagaðila. Einnig þarf að vanda til verka við að hanna jafnmikið mannvirki og Sundabraut verður, með það að markmiði að sem flest okkar geti nýtt hana með fjölbreyttum ferðamátum. ■

Samgöngur fyrir okkur öll eru mikilvægar. Umferð eykst með sistækkandi borg.

Lidskiptiaðgerðir í Kaupmannahöfn

CPH spítalinn í Kaupmannahöfn hefur þjónustað Íslendinga varðandi lidskiptiaðgerðir og fleira. Þeir sem þurfa að bíða eftir aðgerð í 3 mánuðir eða lengur eiga rétt á að Sjúkratryggingar Íslands greiði allan kostnað við aðgerð og ferðalag.

Nánari upplýsingar:
www.hei.is/lidskipti/
Sími 8 200 725

HEI
Medical Travel
www.hei.is

ALLT

MIDVIKUDAGUR 26. janúar 2022

KYNNINGARBLAÐ



Sólarlöndin heilla Norðmenn í sumar eins og Íslendinga. MYND/ADSEND

Ferðalög aftur á dagskrá

elin@frettabladid.is

Margir eru orðnir þreyttir á því að geta ekki ferðast um heiminn. Það gæti orðið breyting þar á í sumar þar sem fólk hefur trú á að styttest í að kórónaveiran hverfi fyrir fullt og allt. Norðmenn voru duglegir að ferðast fyrir heimsfaraldur og allt stefnir í að næsta sumar verði gott ferðarár hjá þeim, eftir því sem vefur norska ríkisútvarpsins, NRK, greinir frá.

„Það er greinilegt að Norðmenn ætla ekki að sitja heima í sumar,“ segir Nora Asengren hjá ferðaskrifstofunni TUI. Mikið hefur verið um pantanir fyrir sumarið. Salan er þriðjungi meiri en hún var í fyrra.

Sömu sögu er að segja frá ferðaskrifstofunni Apollo sem var með sprengisölu í síðustu viku þegar hún var 40% meiri en á sama tíma í fyrra. Svo virðist sem almenn bólusetning hafi áhrif á ákvarðanir fólks. „Við höfum verið með um 60% aukningu á heimsóknnum á heimasíðuna okkar í janúar,“ segir Beatriz Rivera, samskiptastjóri hjá Apollo. „Fólk er þreytt á janúarkuldanum og lætur sig dreyma um sól og hita.“

Grisku perlurnar heilla

Starfsmenn ferðaskrifstofanna eru sammála um að Grikkland sé ofarlega á lista hjá fólki þegar kemur að sumarferðalögum, sérstaklega Krít og Rhodos. Flugfélögin Norwegian og SAS finna sömuleiðis fyrir aukningu og þá sérstaklega til sólarlanda. ■

lifestream
POWERFUL NUTRITION FROM PLANTS

ALOE VERA
MELTING & BÓLGUR

85% VIRKT CURCUMIN

BIOGENIC[®] ALOE VERA WITH TURMERIC
Soothing Digestive Tract

www.celsus.is

Skammdegið þarf ekki að vera erfitt

- Orkublandan frá ICEHERBS hjálpar þér að vakna á dimum vetrarmorgnum
- 2000 einingar af d-vítamíni og kröftug íslensk burnirót



Ómetanleiki hins einstaka

Vöruhönnuðurinn Theodóra Alfreðsdóttir hefur vakið athygli á Íslandi og erlendis fyrir fallega og fumlausa hönnun sem í grunninn byggir á notkun einfaldra geómetrískra forma og einföldun á framleiðsluaðferðum. 2



Theodóra Alfreðsdóttir hefur skapað sér einstakan hugmyndaheim úr geómetrískum formum. Í bakgrunni má líta ljós hennar Composition Wall Sconce sem hannað var fyrir verslunina Fólk. Ljósín eru úr náttúrulegu hráefni og með einföldum geómetrískum formum.

MYNDIR/BALDUR KRISTJÁNSSON



Jóhanna María
Einarsdóttir
jme
@frettabladid.is

Theodóra vissi það lengi að hana langaði að verða arkitekt eða hönnuður. „Ég ákvað samt að fara eftir ráðleggingum og fara á náttúrfræðibraut í Menntaskólanum við Sund. Eftir menntaskóla fór ég í lönnskólann í Hafnarfirði í grunn-nám og svo í Listaháskólann. Eftir starfsnám í London komst ég inn í mastersnám í draumaskólann, Royal College of Art í London,“ segir Theodóra.

Suðupotturinn Ísland

Theodóra hefur búið í London síðustu tíu ár en fylgist vel með hönnunarsenunni á Íslandi og tekur óspart þátt í henni. „Það er mjög margt spennandi að gerast í hönnunarsenunni á Íslandi og mér þykir mikilvægt að vera í tengslum við Ísland. Ég reyni alltaf að taka þátt í HönnunarMars og svo hef ég verið að kenna í Listaháskóla Íslands.“

Íslendingar eru lítil þjóð og það er frábært að vinna í kringum allt þetta skapandi fólk sem hefur lært um allan heim. Ísland hefur eiginlega alltaf verið ákveðinn suðupottur, svona ef maður pælir í því. Eins og arkitektúrinn í gamla daga, þá fór einhver til Kaupmannahafnar eða Svíþjóðar að læra og kom svo heim og byggði í þeim stíl.“

Theodóra segir það gjöfult veganesti að alast upp á Íslandi. „Við Íslendingar komum úr frekar vernduðu umhverfi, sem er ótrúlega gott og gefur okkur sterkan karakter. Okkur finnst alveg sjálf-sagt að maður geti flutt hingað og þangað og farið í þennan eða hinn skólann. Það er eitthvert viðhorf sem gerir okkur kleift að vera ekkert að mikla hlutina of mikið fyrir okkur.“

Námið í London

„Það sem mér þótti mest spennandi við skólann í London var hve breitt svið hann býður upp á í hönnunarnámi. Á fyrri árinu mínu einblíndi ég á hönnuðinn sem hvata. Ég var minna í því að hanna og búa til hluti, og meira í því að setja hluti í samhengi, búa til kerfi og nýta menntun mína á nýjan hátt. Það var erfitt en mjög hollt að geta ekki farið inn á verkstæði og búið til hlutinn, heldur að vera frekar bent á að lesa fleiri greinar og pæla meira í hlutunum. Fyrsta árið mitt var ég alger svampur. Seinna árið mitt var á hvolfi miðað við hið fyrsta. Þá einblíndi ég á að hanna í gegnum það að vinna með efnið, búa til hluti og læra þannig hvernig efniviðurinn hagar sér. Það var mjög hollt fyrir mig að kynna báðum þessum leiðum.“

Geómetrían og sagan

Theodóra vinnur mikið með geómetrísku form eins og hringi,



Mould-hliðarborðin eru steipt úr stafanlegum mótum sem gefa möguleika á mörgum ólíkum útfærslum.

MYND/DAVID WILMAN



Ljósíð sem hannað var fyrir Fólk er samsett af hringljósi og geómetrísku formi.

„Ég er auðvitað hönnuðurinn, en geómetría er eitthvað sem er til og ég nýti mér hana til að segja sögu.“

Theodóra

þríhyrninga, ferhyrninga og fleira. „Við þekkjum öll geómetrísku form. Með því að nota þau fær sagan á bak við hlutinn og framleiðsluna að njóta sín enn frekar. Ég get sett spurningarmerki við það hver er höfundurinn. Ég er auðvitað hönnuðurinn, en geómetría er eitthvað sem er til og ég nýti mér hana til að segja sögu. Ég hef svo búið mér til formheim sem ég leita í þegar ég byrja á nýjum verkefnum. Eins og Composition Wall Sconce veggglampinn, þar sem ég nota marmara í geómetrísku formi með hringljósi. Sama gildir um kerti sem ég gerði fyrir jólin. Þá nota ég þessi sömu form.“

Flest mín verkefni byrja sem stúdía á framleiðsluferlinu. Úr ferlinu verður til hlutur, sem er þó ekkert endilega aðalatriðið. Mótið sem var notað til að búa til hlutinn getur verið jafnmikil útkoma og hluturinn sem er steiptur í mótið. Mikill tími og kostnaður fer í að búa til gott mót og því betra sem mótið er, því betra verður loka-eintakið. Ég var að flytja á milli stúdíóa og átti kassa af mótum sem ég vissi ekki hvað ég átti að gera við, en gat ekki hugsað mér að setja hann í ruslið. Þá fór ég að pæla hverju væri hægt að breyta í framleiðsluferlinu til að hægt væri að nota mótið á fleiri vegu.“

Mót

„Í Mould bjó ég til nokkur mót sem stafast saman á ólíka vegu og steypa þannig einstaka hluti. Sama á við um Mould-hliðarborðin. Þar stafast þrjú mót á mismunandi hátt og móta ólíka hluti sem svo má ræða aftur saman með glerplötu. Ég fékk svo nýverið styrk frá Hönnunarsjóði til að hanna glervasa sem byggir á svipaðri hugmyndafræði.“

Í Corrugation Lights vinn ég með svipaða þælingu ásamt vini mínum Tino Seubert. Við



Theodóra býr í London og starfar þar sem vörühönnuður. Henni finnst mikilvægt að taka þátt í hönnunarsenunni á Íslandi.

MYND/FERNANDO LAPOSSE



Hver saltskál er einstök vegna þess hvernig efniviðurinn hegðar sér.

MYND/ADSEND



Corrugation Lights má finna á hótélum, viðburðastöðum, heimahúsum og stofnunum í ólíkum útgáfum og litum.

MYND/ADSEND



Í Subterranean Formation er hönnuðurinn frelsaður frá ábyrgðinni á því hvort hluturinn sé fallegur eða ekki. Það var jörðin sjálf sem bjó til hlutinn.

MYND/FERNANDO LAPOSSE

vildum framleiða ljós þar sem notagildið væri aðalatriðið, án alls skrauts. Corrugation er sería af ljósum innblásin af húsgagnaframleiðslu miðrar síðustu aldar. Serían samanstendur af hangandi ljósi og vegggljósum sem má setja saman á mismunandi hátt og mynda þannig áhugavert landslag. Serían notar formbeygingu víðar sem upphafspunkt. Viðurinn er paraður við tilbúin álrör og áhuga-verðar andstæður myndast þegar kalt pólýhúað rörið leggst upp að mjúkum mótuðum viðnum.“

Efnið og andinn

„Ég reyni að nota efni í hönnun mína sem hægt er að endurvinna eða hráefni sem endast kynslóð eftir kynslóð, eitthvað sem getur erfst. Ég hef líka gaman af því að vinna í alls konar efniviði. En ég er þá auðvitað alltaf að læra á ný hráefni. Jafnvel efni sem ég hélt í byrjun að yrði auðvelt að vinna með, eins og þegar ég gerði kertin. Það er mun flóknara að búa til góð og fin kerti en ég hefði imyndað mér. Þá er gott að koma sér í samband við fólk sem er með þekkingu og reynslu í þeim efnum sem það vinnur með. Það er líka ákveðinn kostur að mínu mati að þekkja ekki eiginleika og takmörk efniviðarins. Það veitir mér frelsi til að gera tilraunir. Það er svo oft sem eitthvað skemmtilegt kemur úr mistökum eða slysum.“

Ég spyr mig mjög oft: Hvernig getum við notað eitthvað sem vanalega væri talið galli, eins og diskur með sprungu í, og látið það vera atriðið sem gerir hlutinn áhugaverðan, og einstakan? Þetta er í grunninn spurning um meðvitund og að spyrja sig hvers vegna þessi hlutur verður að vera til. Við lifum í heimi þar sem er allt of mikið til af öllu. Ég vil hanna hluti sem fólk þykja dýrmætir og vekja

fólk til umhugsunar um það hvernig hluturinn varð til. Við erum sífellt meðvitaðri um hvar við kaupum fötin okkar en það vantar vakningu á fleiri sviðum. Hvernig getur diskur í búð eingöngu kostað þúsund kall, og hvað fær fólk til þess að þykja vænt um hann?

Um leið og það er karakter í hlutnum sem þú kaupir, mótardu tengingu við hann. Í fjöldaframleiðslu eins og IKEA eru allir hlutirnir eins. Ef þú færð tækifæri til að velja einn hlut fram yfir annan, býrðu til tengingu sem vonandi verður til þess að þú munir frekar kunna að meta hlutinn.“

Ferlið mótur leirinn

„Subterranean Formation vann ég með öðrum hönnuði, Daniel Durnin. Um er að ræða vasa sem eru brenndir ofan í jörðinni. Við gröfum holu ofan í leirrikan jarðveg og hitum upp með gashitara. Eftir því sem veggir holunnar hitna, brennur leirinn í kring og úr verður holur keramikvasi. Hefðbundin keramik vinnsla er langt ferli þar sem hugsað er út í hvert smáatriði. En ferlinu er öfugt farið í þessu verkefni. Hér búum við til aðstæður fyrir eitthvað til að gerast. Hönnuðurinn er því frelsaður frá ábyrgðinni á því hvort hluturinn sé fallegur eða ekki. Það var jörðin sjálf sem bjó til hlutinn.“

Saltskálarnar byggja á svipaðri hugmyndafræði. Ég pressaði leir-kubba og þrýsti á þá með kúlu. Eðli efniviðarins varð til þess að hver skál er með einstakar sprungur og því algerlega einstök.“

Hönnun Theodóra er hægt að fá í vefverslun hennar theodoraalfredsdottir.com/webshop. Einnig fást vörur hennar í Mikado á Hverfisgötu, Rammagerðinni, Fólki á Hafnartorgi, Listasafni Reykjavíkur og í Litlu Hönnunarbúðinni í Hafnarfirði. ■

SIR ARNAR GAUTI
LÍFSSTÍLSÞÁTTUR

FIMMTUDAGA KL. 20.00

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnaræfni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgafandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Viglundsson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Mjólkurþistill gerir lífið léttara

Hrafnhildur Hákonardóttir hefur tekið Mjólkurþistil frá ICEHERBS um árabíl og segir bætiefnið vera daglegan gleðigjafa. Mjólkurþistillinn er þekktur fyrir hreinsandi áhrif og það veitir svo sannarlega ekkert af því eftir hátíðirnar.

Hrafnhildur hefur þjáðst af slitgigt síðastliðin sex ár og segir mjólkurþistilinn hafi bætt líðan sína til muna. Hún tekur líka D-vítamín, magnesíum með fjallagrös, astaxanthin og stundum fjalla-grös, allt frá ICEHERBS.

„Það er nú kannski svolítið þjatt að hjá mér, en ég heillaðist fyrst af þakkingunum en er nú aðallega hrifin af þeim því bætiefnin frá ICEHERBS eru náttúruleg og hrein. Allar upplýsingar eru á íslensku og boxin fara vel í eldhússkúffunni og ofan í mig. Það er auðvelt að finna þessi vítamín í hillunum í apótekum og verslunum og ég veit hvað þau innihalda,“ segir Hrafnhildur.

Hjálpar lifrinni

„Ég er slæm af slitgigt og finn fyrir verkjum í hálsliðum, baki, höndum og fótum. Ég tek verkjalyf oft á veturna en sumrin því kuldinn fer alls ekki vel í gigtina. Vinur minn mælti með mjólkurþistli með verkjalyfjum því hann hefur hreinsandi virkni á líkamann og hjálpar lifrinni að hreinsa út óæskileg efni. Mjólkurþistillinn hefur gert sitt gagn. Ég veit það vegna þess að ég fer á þriggja mánaða fresti í blóðprufu til að mæla lifrargildi innkirtla og annarra kerfa. Ég er enginn unglíngur en gildin eru alltaf í góðu lagi.“

Ég tek tvö hylki af ICEHERBS Mjólkurþistli á morgnana mjög samviskusamlega og hann fer alltaf með mér í ferðalög.“

Ómissandi eftir hátíðirnar

Nú eru jóln nýfyrstaðin með



Hrafnhildur Hákonardóttir segist finna mikinn mun á sér eftir að hún fór að taka ICEHERBS mjólkurþistil.



öllum sínum freistingum, reyktu kjöti, konfektum, smákökum, desertum, ís og víni. „Það er erfitt að sniðganga þennan góða mat þó að allir viti að allt þetta gúmmel-aði sé ekkert sérstaklega gott fyrir kerfið. En það þarf nú stundum að njóta og leyfa sér. Ég hrynn nú alveg í það yfir hátíðirnar í mat og drykk og þá bæti ég við tveimur hylkjum af mjólkurþistli fyrir svefn. Þetta tryggir betri svefn hjá mér og ég er orkumeiri daginn eftir þar sem líkaminn er ekki að ströggla við allt það sem ég innbyrði daginn áður. Ég mæli hiklaust með mjólkurþistli, ekki bara fyrir þá sem ætla að gera vel við sig í mat og drykk heldur bara flesta.“

Ég finn líka að mjólkurþistillinn hjálpar til í janúar eftir allt stressið og sukkið í desember. Í stuttu máli sagt þá líður mér betur í líkamnum þegar mjólkurþistillinn er með mér og ég finn að líkaminn er í betra jafnvægi. Ef mér líður vel í líkamnum þá verður myrkrið, kuldinn, stressið og allt annað mun bærilegra.

ICEHERBS mjólkurþistillinn með íslenskum fjallagrösum hjálpar til við að hreinsa líkamann af umframefnum sem safnast fyrir í lifrinni og líkamanum.“

Náttúruleg hreinsun

ICEHERBS mjólkurþistill inniheldur hreinan mjólkurþistil og íslensk fjallagrös. Mjólkurþistillinn inniheldur virka efnið sylimarín sem er þekkt fyrir að hafa góð áhrif starfsemi lifrar og nýrna. Efni úr mjólkurþistli á að hjálpa lifrinni við myndun nýrra lifrarfrumna og er þannig náttúruleg hreinsun fyrir lifrina. Þá hefur plantan andoxandi virkni og hjálpar til við að losa óæskileg efni út úr líkamanum. Sumir nota mjólkurþistilinn þegar þeir hafa nýtt áfengis vegna hreinsandi áhrifa hans. Íslensk fjallagrös eru þekkt sem gingseng Íslands og ekki að ástæðulaus. Þau innihalda betaglúkántrefjar sem eru þekktar fyrir að auka þyngdartap, bæta meltingu og styrkja þarmana. Fjallagrös eru rík af steinefnum, einkum járni og kalsíum, og bera í sér fléttuefni sem hindra óæskilegar bakteríur. Fjallagrös hjálpa til við að draga úr bjúg og er þessi hreinsandi blanda frábær fyrir almenna matar- og drykkjargleði.

Íslensk og kröftug bætiefni

ICEHERBS framleiðir hrein og náttúruleg bætiefni. Þar er lögð áhersla á að virkni skili sér í réttum blöndum og að eiginleikar innihaldsefnanna viðhaldi sér að fullu. Vörurnar eru framleiddar á Íslandi og innihalda engin óþarfa fylliefni. ■

ICEHERBS fæst í öllum betri matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum og í nýrri vefverslun á iceherbs.is.

Bakað á tímum kórónaveirunnar

Matgæðingurinn og fjölmiðlakonan Eva Laufey Kjaran veit sem er að samvera yfir bakstri hressir upp á sálartetrið á tímum samkomutakmarkana.

thordisg@frettabladid.is

Eva Laufey gaff fyrir skömmu út sína fjórðu matreiðslubók, Bakað með Evu. Bókina tileinkar hún dætrum sínum, Ingibjörgu Rósu og Kristínu Rannveigu, sem eru einmitt upphaldsbakararnir hennar.

„Ég og margir aðrir kynntumst því hvað bakstur er skemmtileg afþreying fyrir alla og mikilvæg samvera þegar kórónaveiran stóð sem hæst og fjölskyldan var innilokuð saman,“ segir Eva Laufey sem ákvað að búa til bakstursbók fyrir alla fjölskylduna.

„Í henni eru einfaldar uppskriftir í bland við örllítið flóknari, og verkefni fyrir alla fjölskylduna að leysa,“ segir Eva, sem hér gefur lesendum uppskriftir að girnilegum beyglum.

„Ég legg það í ykkar hendur að skapa ljúfar minningar með ykkar fólki. Setjið upp svuntuna og byrjið – þið getið allt!“

Beyglurnar eru mjúkar og bragðgóðar, bornar fram með þeyttum fetaosti.

„Það er svo skemmtilegt að bjóða upp á beygluplatta og það er til dæmis algjör snilld í brönsboðinu,“ segir Eva Laufey og gefur hér uppskrift að tíu beyglum.



Eva Laufey nýtur þess að baka heima með dætrum sínum. MYNDIR/HEIÐDÍS GUÐBJÖRG GUNNARSDÓTTIR



Nýbakaðar beyglur hressa og kæta, með þeyttum fetaosti og öðru góðu álegg, eins og Eva Laufey sýnir hér.

Beyglur Evu Laufeyjar

250 g hveiti
12 g þurrger
2 dl vatn
50 g smjör, við stofuhita
1 tsk. salt

Ofan á

1 egg
Beyglukrydd, magn eftir smekk

Eldun
3 l vatn

2 tsk. hlynsiróp eða sykur
1 tsk. matarsódi

Setjið öll hráefnin saman í hræri vélarskál og hnoðið í 8-10 mínútur eða þar til deigið er samfellt og slétt.

Leggið viskastykki yfir skálina og leyfið deiginu að hefast í klukkustund.

Skiptið deiginu niður í 10 jafnstóra bita og myndið kúlur, gerið gat í gegnum kúluna og þrýstið gatinu aðeins út svo það lokist ekki við eldun.

Setjið viskastykki yfir beyglurnar og leyfið þeim að hefast í 20 mínútur í viðbót.

Hitid ofninn í 200°C (blástur). Sjóðið vatn og setjið siróp eða sykur og matarsóða út í.

Bætið beyglum út í pottinn, þegar fer að bullsjóða en ágætt er að sjóða 2-3 í einu.

Eldið beyglurnar í vatninu í um 2 mínútur á hvorri hlið. Þerrið beyglurnar og leggið á pappírsklædda ofnplötu.

Penslið beyglurnar með eggi og sáldrið beyglukryddi yfir.

Bakið við 200°C í 20 mínútur. Berið fram með þeyttum fetaosti og góðu álegg.

Þeyttur fetaostur

300 g hreinn fetaostur
200 g hreinn rjómaostur
Salt og pipar
1 tsk. sítrónubörkur
Smá chilikrydd, magn eftir smekk

Setjið öll hráefnin í matvinnsluvél og maukið þar til silkimjúkt. Smakkið til með salti og pipar. ■

Bílar & Farartæki



Suzuki SX4 S-Cross GL 4x4. 5/2019
Ekinn aðeins 46 þús. km. Nettur bill í snattið sem litur vel út. Gott að setjast inn. Góð þjónustusaga. Verð: 3.380.000,-

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Þjónusta

Málarar

MÁLARAMEISTARI

Tek að mér að endurmála íbúðir og fl. Fagmennska, mikil reynsla og sanngjörn verð. Málningarþjónusta Egils ehf. S. 868-5171. egillsverris@gmail.com

REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafll., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Spádómar

Nympha-dora

Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan

VISA 562 8211 EURO

Húsviðhald

RÚNAR MÚRARI EHF
S 774-3800
HÚSAVIÐGERÐIR
MÚRVIÐGERÐIR
STEYPUVIÐGERÐIR
ENDURHRAUNA
TRÖPPUVIÐGERÐIR
MÁLNINGARVINNA
ÞAKMÁLUN
FLÍSALAGNIR
o.m.fl.
40 ára reynsla í utanhúsviðhaldi
Tilboð þér að kostnaðarlausu
https://runarmurari.is/
runarmurari@gmail.com
VSK 135377

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Húsnæði í boði

2. herb. ca. 50fm íbúð á sv. 108 v. Suðurlandsbr. fyrir reglus., reykl. og barnlaust par eða einstakl. eldri en 30 ára. 175 þús. Uppl. í s. 898-7868 milli kl. 13-16.

Atvinnuhúsnæði

Til leigu eitt skrifstofuherbergi fyrir einrykja í góðu húsi við Grensásveg. Aðgangur að eldhúsi, fundaaðstöðu og nettengingu. Snýrtilleg aðkoma og næg bilastæði. Nánari upplýsingar í s. 445 5500

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Tilkynningar

Fundir

Hér með er boðað til aðalfundar Skotíþróttafélags Kópavogs, þann 30. febrúar næstkomandi klukkan 19:30

Fundurinn fer fram í húsnæði félagsins, íþróttahúsinu Digranesi. Tillögur lagðar til breytinga á lögum félagsins ásamt venjulegum aðalfundarstörfum.

Til sölu



Nýr 2022 Ford Transit 350 Trend

Verð:

5.300.000,- án vsk.

Double Cab 7 manna með 3,2 m. palli.

Þessir bílar eru ófánlegir í dag en við eigum þennan til afhendingar strax!



www.sparibill.is
Fiskilóð 16 · Sími 577 3344

GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

hagvangur.is



HAGVANGUR

Fyrirtæki ársins 2021

Sjálfbærar strandveiðar



Lilja Rafney Magnúsdóttir varaþingmaður VG í Norðvesturkjördæmi



Ari Trausti Guðmundsson fyrrv. þingmaður VG í Suðurkjördæmi

Miklar endurbætur voru gerðar á strandveiðikerfinu á sl. kjörtímabili með 12 daga kerfi sem treysti öryggi sjómanna, eflði sjávarbyggðir ásamt nýliðun og jók jafnræði í greininni.

Annað okkar leiddi þá vinnu í góðri, þverpólískri samvinnu á Alþingi og í samstarfi við sjómenn og hagsmunasamtök þeirra. Ekki náðist á endasprenntinum að tryggja varanlega 48 daga til veiðanna. Það er auðvelt ef viljinn er til staðar. Raunar er löngu tímabært að endurskoða útfærslu og samsetningu félagslega hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins, þ.e. 5,3% af heildarúthlutuðum afla á Íslandsmiðum hvert ár.

Okkur þingmönnum tókst að efla strandveiðar á síðasta kjörtímabili undir forystu VG. Það ber að gera áfram, enda jákvæð byggðaaðgerð. Stórútgærdin sér um sína.

Ár sjálfbærra veiða

Afli strandveiðibáta dreifðist á 51 stað vítt og breitt um landið sl. sumar en 672 leyfishafar stunduðu veiðarnar. Mjög margir þeirra eru háðir veiðunum sem hluta lífsafkomunnar. Mörg afleidd störf í fullvinnslu í landi fylgja veiðunum og þjónustu við greinina, ásamt auknum tekjum hafna. Strandveiðar eru umhverfisvænustu veiðar sem til eru. Sameinuðu þjóðirnar gáfu út að árið 2022 skuli vera ár sjálfbærra veiða þar sem sérstök áhersla er lögð á handfæraveiðar. Það rímar vel við strandveiðar.

Vissulega á að vinna að útgerð með vísindalegri nálgun að nýtingu auðlinda. Þegar sveiflur verða í afkomu lífstofna þarf að bregðast við, t.d. með því að auka nytjar eða



Það urðu okkur mikil vonbrigði að sjá að strandveiðar á komandi sumri skulu verulega skertar.

minnka. Það er hins vegar pólitísk ákvörðun hvar skerðingin, vissulega háð magninu, er látin koma niður. Vísindaleg ráðgjöf er eitt en annað hvernig er unnið úr sveiflum í útgefinni veiðiráðgjöf og aflareglu hverju sinni. Þar er brýnt að forgangsraða í þágu þeirra sem ekki þola mikla ágjöf, þ.e. smærri útgerða.

Betur má ef duga skal

Það urðu okkur mikil vonbrigði að sjá að strandveiðar á komandi sumri skulu verulega skertar. Í stað þess ætti að tryggja 48 vinnudaga á veiðitímabilinu. Það lögðu þingmenn VG til á á liðnu þingi m.a. í krafti formennsku í atvinnuveganefnd. Skerðingin setur veiðarnar í uppnám. Hún getur rýrt mikla vinnu sem farið hefur fram við að ná samstöðu um eflingar strandveiðar og að tryggja þær til framtíðar, með jafnræði og öryggi sjómanna í huga.

Sagan segir okkur að margbreytilegar ráðstafanir hafa verið gerðar fyrir stórútgærdina í gegnum tíðina sem ræður yfir 80 til 90% af öllum afla á Íslandsmiðum. Má þar nefna m.a. aukna yfirfærslu aflaheimilda á milli ára, sem talin hefur rúmast innan vísindalegrar ráðgjafar, og einnig niðurfellingu veiðigjalda.

Handfæraveiðar eru vistvænar og geta afar seint valdið ofveiði eða raskað sjávarlífríkinu. Meðal annars þess vegna á að leita allra leiða til að koma í veg fyrir niðurskurð 2022. Leyfa heldur þessari ábyrgu og sjálfbæru atvinnugrein að blómstra og festast varanlega í sessi í sjávarbyggðum landsins. Það er á ábyrgð okkar í VG, sem komum strandveiðunum á 2009, að standa vörð um þær og efla.

Vel getur verið að ráðherrann okkar nái að draga úr skerðingunni þegar vorar. Hún hefur viljann til þess og hugur hennar stendur til þess í anda stefnu VG. Við bæði treystum og hvetjum til þess að svo megi verða á ári sjálfbærra veiða. ■

Trölloð sem stal tónlistinni



Ólafur Þórarinnsson tónlistarmaður

Allt mitt líf hef ég verið dyggur stuðningsmaður Ríkisútvarpsins og lítið á það sem þjóðarstolt sem varðveitir sögu okkar og menningu.

Þegar Rás 2 var sett á laggirnar var það tónlistarfólki mikið fagnaðar efni því hún átti að styrkja og efla íslenska dægurtónlist.

Til að byrja með var þar mikið fjör og gróska en þegar tímar liðu var eins og tröll hefðu hlammað sér í farveginn. Tröll eru ekki þekkt fyrir nærgætni og adhyllast aðeins hluta mannfólks og setja það þá gjarnan í guðatölu en koma hinum fyrir kattarnef. Þeir sem náð höfðu vinsældum í mannheimum komust reyndar á öldur ljósvakans í gegnum óskalagaþætti og vinsældalista því þar voru það landsmenn sem völdu tónlistina.

Þegar svo þessir þættir lögðust af ásamt öðrum tengslum við þjóðina höfðu tröllin því töglin og hagldirnir og gátu nú skartað sínu sérvali í

öllum bestu útsendingartímumum.

RÚV-menn hrósa sér af því að 50% tónlistarinnar séu íslensk. Þeir nefna hins vegar ekki að hún er nánast eingöngu úr þeirra einkasafni þar sem sömu lögin frá sama fólkinu eru siendurtekin bæði í útvarpi og sjónvarpi daginn út og daginn inn. Ef horft er á tónlistarflóru RÚV mætti ætla að á Íslandi finnst aðeins nokkrir tugir tónlistarfólks og stór hluti þess starfði hjá stofnuninni.

Það er mikil vanvirðing við tónlistarfólk almennt að örfáir starfsmenn RÚV, sem hvergi þurfa að sýna fram á faglega hæfni eða kunnáttu, stjórni framrás íslenskrar tónlistar. Þarna ætti að vera vel igrundað vald með viðtæk tengsl inn í tónlistarheiminn landið um kring.

Nú þegar útvarpsspilun og kynningar hafa aldrei gegnt veigameira hlutverki fyrir tónlistarútgáfu hefur þessi geðþóttaflokkun kippt fótunum undan mörgu vel metnu tónlistarfólki auk fjölmargra annarra starfa sem plötuútgáfu fylgir. Ekki alveg það sem lagt var upp með við stofnun Rásar 2!

Ekki stendur RÚV betur að arfleifð tónlistarinnar þar sem handahófskenndar heimildir bera glögg merki einkasmekks og fáfræði höfunda og engin heildarsýn svo það sem til er er því lítið annað en sögufalsanir.



Það er mikil vanvirðing við tónlistarfólk almennt að örfáir starfsmenn RÚV, sem hvergi þurfa að sýna fram á faglega hæfni eða kunnáttu, stjórni framrás íslenskrar tónlistar.

Í ofanálag eru virtir fræðimenn farnir að skrifa hardðorða gagnrýni um ört hnignandi málfar og menningu á RÚV og því augljóst að meinsæmin er útbreidd og þá ekki sist hjá stjórn stofnunarinnar. Það grátlega er að það sem vel hefur verið gert á RÚV fellur gjörsamlega í skuggann af klúðrinu.

Ég hef verið talsmaður vel rekinna ríkisfyrirtækja með skýrt regluverk og gagnsæi en í ljósi alls þessa hef ég nú hallast að skoðunum margra um að hætta fjáraustri í þessa stjórnlausu hit og leggja RÚV niður. Heppilegast væri svo að fela ópólitískum menningarstofnunum þau gögn sem nothæf eru til varðveislu. ■

Ísland er ekki lýðveldi



Þór Rögnvaldsson heimspekingur

Ástæðan fyrir því að Ísland er ekki lýðveldi er sú að í rauninni er það tiltölulega fámenn valdaklíka sem öllu ræður: Landsfundir Sjálfstæðisflokksins. Ástæðan fyrir því að Landsfundurinn ræður svona miklu er einfaldlega sú staðreynd að Sjálfstæðisflokkurinn í stjórn lýtur alltaf vilja hans. Stjórnmalamennt Sjálfstæðisflokksins eru því í raun ekkert annað en strengjabrúður Landsfundarins.

Þetta ástand væri þó ekki neitt sérstaklega bagalegt ef þessir Landsfundir endurspegluðu raunverulegan vilja Sjálfstæðismanna á landinu – en svo er ekki. Kjörnir fulltrúar á Landsfundunum koma afgerandi

flestir af landsbyggðinni og þess vegna standa málin svo að lengstum hefur ekki verið neitt stjórn málaafli á landinu sem sinnt hefur hagsmunum þeirra Sjálfstæðismanna sem ekki eru af landsbyggðinni – og þess vegna var Viðreisn komið á laggirnar.

Og hvað er það svo sem Landsfundurinn vill í pólitískum efnum? Jú – í fyrsta lagi að styrkja stöðu ságreifanna sem mest má verða og svo í öðru lagi að efla hag sveitanna – sem táknað ad samkundan 1) setur sig upp á móti ESB-adild og 2) styður ad settir séu ofurtollar á landbún-adarvörur.

Það vill hins vegar svo til að þetta tvennt er einmitt líka á stefnuskrá bæði Framsóknar og Vinstri grænna, sem enn og aftur táknað ad þessir þrír flokkar tengjast órofa böndum: Jafnvel þótt ákveðinn áherslumunur sé á stefnuskrá þeirra, þá eru þetta samt Framsóknarflokkarnir þrír á landinu sem alltaf munu skrifa saman í eina sæng þegar tækifæri gefst. ■

VELDU GÆÐI!

.....

3 TEGUNDIR AF SÚRDEIGSBRAUÐUM

PRENTUNIS

www.bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

.....

Austurströnd 14 • Hringbraut 35



Hjörvar Ólafsson
hjordvaro
@frettabladid.is



Strákarnir okkar eru ekki lengur með örlögin í eigin höndum en sigur í dag tryggir okkur að minnsta kost leik upp á fimmta sætið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Ísland mætir Svartfjallalandi í lokaumferð í milliriðli Evrópumótsins í handbolta karla í Búdapest klukkan 14.30 í dag. Sigur gæti fleytt liðinu í undanúrslit mótsins.

HANDBOLTI Það ræðst í dag hvort íslenska karlalandsliðið í handbolta nær að tryggja sér sæti í fjögurra liða úrslitum á Evrópumótinu en liðið mætir þá Svartfjallalandi í síðustu umferð í milliriðli mótsins.

Eftir svekkjandi tap gegn Króatíu á mánudaginn þurfa leikmenn íslenska liðsins að safna orku og blása sér baráttuanda í brjóst fyrir lokabardagann á þessu stigi mótsins.

„Það sást nokkuð vel um miðbik seinni hálfleiks í leiknum við Króatíu að þeir leikmenn sem hafa borðið sóknarleikinn uppi, Ómar Ingi Magnússon og Viggó Kristjánsson, voru eðlilega orðnir þreyttir.

Bæði voru þeir ekki jafn skarpir í sínum aðgerðum og ákvörðunar-tökur var voru ólíkar því sem við eigum að venjast frá þeim,“ segir Einar Jónsson, þjálfari karlaliðs Fram um stöðu mála.

Gætu notað 7 á 6 meira

„Svartfellska liðið spilar svipaðan bolta og það króatíska og sá leikstill hentar okkur ekkert sérstaklega vel. Þeir eru líkamlega sterkir og með öflugar skyttur. Varnarleikurinn hjá íslenska liðinu hefur verið góður lungann úr leikjunum á mótinu til þessa og vonandi verður áframhald á því í þessari viðureign.

Ég vona að þjálfararnir haldi áfram að leggja upp með að þetta niður á línuna og verjast gegnum-brotum. Svartfjallaland er hins vegar með mikla skotógn svo við verðum að stíga upp með varnar-línuna á réttum tímamarkum og treysta svo á Viktor Gísli Hallgrímsson verji skotin fyrir utan,“ segir Einar enn fremur.

„Hvað sóknarleikinn varðar þá verðum við að reyna að halda floti á boltanum og fara í þær árásir sem lagt er upp með. Svo finnst mér líklegt að Guðmundur Þórður Guðmundsson og þjálfarateymið muni fara meira í 7 á 6 á ákveðnum augnablikum í þessum leik.

Örlög íslenska liðsins ráðast í dag

Veiran skæða heldur áfram að hrella

Elliði Snær Viðarsson og Björgvin Páll Gústavsson greindust með jákvæð sýni þegar þeir fóru í sýnatöku vegna kórónaveirunnar í gær.

Þeir bætast þar af leiðandi í hóp þeirra 11 leikmanna sem eru í einangrun.

Það kemur svo í ljós í dag hvort einhverjir þeirra 11 leikmanna sem hafa verið í einangrun í fimm daga eru með nógu lágt gildi smits svo þeim sé heimilt að spila leikinn mikilvæga gegn Svartfellingum í dag.

„Það væri mjög sterkt að fá einhverja leikmenn inn í hópinn, bæði þar sem við höfum verið án lykilleikmanna í síðustu leikjum og þá hefur mikið mætt á sömu löppunum sem verða eðlilega þyngri með hverri mínútnni sem þær spila. Sjáum hvað blessuð gildin segja.

Sumir leikmenn eru með veigamiknið hlutverk bæði í vörn og sókn og það tekur gríðarlega á. Sérstaklega þar sem leikmenn eins og Ómar og Viggó treysta mikið á fótavinnu og snerpu í sóknaraðgerðum sínum,“ segir Einar um stöðu mála hvað forföll varðar.

Þurfum að treysta á danska liðið

Íslenska liðið er því miður ekki með örlög sín í mótinu í eigin höndum fyrir lokaumferð milliriðilsins. Ísland verður að byrja á að hafa betur í leik sínum við Svartfellinga og treysta svo á að Danir vinni Frakka.

Nikolaj Jacobsen, þjálfari danska liðsins, kveikti ekki vonarneista í brjóstum Íslendinga um greiða frá frændþjóð vorri þegar hann ræddi við fjölmiðla um komandi leik Danmerkur við Frakkland.

Danir eru nefnilega búnir að bóka farseðil sinn í undanúrslitin og Jacobsen ýjaði að því að hann myndi hvíla sína sterkustu hesta í rimmu liðanna.

„Ég skal alveg viðurkenna það að ég er ekki bjartsýnn á hagstæð úrslit fyrir okkur í þeim leik. Jacobsen talaði þannig að þeir myndu ekki setja allt sitt púður í þennan leik og það er svo sem ekkert óeðlilegt.

Ég býst við frönskum sigri en vona innilega að ég hafi rangt fyrir mér mér og minni spámenn danska liðsins sýni hvað í þeim býr,“ segir Einar Jónsson um leik Dana og Frakka.



Þetta mót gerir mig líka mjög spenntan fyrir framtíðinni og næsta stórmóti.



Einar Jónsson, þjálfari Fram í efstu deild karla

Það gafst vel í leiknum við Króata og við náðum að opna hornið og fá mörk þaðan sem er mikilvægt,“ segir hann um þau sóknarvopn sem íslenska liðið hefur.

Árangurinn frammar vonum

„Ég skal alveg viðurkenna það að þegar smitin fóru að hrannast upp þá var ég ekkert sérstaklega jákvæður fyrir milliriðilinn. Ég bjóst ekki við sigri á móti Frökkum og að við værum hársbreidd frá því að vinna Króatíu. Fyrir mót fannst mér ásættanlegt að vera í topp átta á þessu móti.

Miðað við skakkaföllin er vel af sér vikið að vera að fara í leik sem gæti tryggt okkur sæti í undanúrslitum mótsins í lokaumferð milliriðilsins.

Þetta mót gerir mig líka mjög spenntan fyrir framtíðinni og næsta stórmóti. Það eru leikmenn eins og Elvar Ásgeirsson og Orri Freyr Þorkelsson sem eru að auka breiddina í liðinu.

Elliði Snær Viðarsson er svo að vaxa með hverjum leiknum, bæði í vörn og sókn. Samvinna hans og Ýmis Arnar Gíslasonar, sem hefur tekið við leiðtogahlutverkinu í liðinu, hefur verið til fyrirmyndar. Framtíðin er klárlega björt, sama hvernig fer í dag,“ segir Einar um framhaldið. ■



Ómar Ingi hefur stigið upp í fjarveru annarra lykilmanna og leitt sóknarleik Íslands í síðustu leikjum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Heimir ætlar að keppa um alla titla

Heimir Guðjónsson, þjálfari karlalíðs Vals í knattspyrnu, segir líðið ætla sér aftur á toppinn í íslenskum fótbolta eftir erfitt síðasta ár. Leikur Vals hrundi undir lok tímabils í fyrra og fór líðið úr því að vera í toppsætinu eftir sautján umferðir í að enda í fimmta sæti.

hordur@frettabladid.is

FÓTBOLTI Heimir var gestur í sjónvarpsþættinum 433.is á Hringbraut í gær þar sem hann gerði upp síðasta tímabil á Hlíðarenda. „Þetta er margþætt, við misstum dampinn. Menn misstu sjálfstraust og við reyndum að finna lausnir á þessu en það gekk ekki, það verður að viðurkennast. Í framhaldi af því höfum við farið í rannsóknarvinnu og leitað leiða til þess að ef þetta kemur fyrir aftur þá verðum við með betri lausnir. Það er langtíma verkefni, það er langt í mótið og við höfum tíma til að vinna í þessum hlutum. Þetta gerist 2019 og gerist 2021 hjá Val, við viljum ólmir koma í veg fyrir að þetta gerist einu sinni enn,“ segir Heimir um það hvað klinkaði hjá Val á síðustu leiktíð.

Valsmenn voru harkalega gagnrýndir fyrir spilamennsku sína allt síðasta sumar þrátt fyrir að úrslitin hafi á köflum verið góð. „Við hefðum mátt spila betur. Að búa til vengni er eitt en að viðhalda henni er allt annað, þú getur ekki alltaf spilað brasilískan bílastæðabolta ef þú ætlar að viðhalda árangri. Það er ekki alltaf skemmtilegasti fótoltinn sem vinnur flestu titlana. Fótoltinn var ekki góður á köflum, það vantaði betri boltalaus hreyfingu í sókninni og meiri græðgi. Þetta var alveg sami fótolti og 2020 þar sem við skoruðum 50 mörk í 18 leikjum, við verðum að finna lausn á þessu,“ segir Heimir.

„Valur vill keppa um þessa titla sem í boði eru. Við höfum verið að breyta líðinu og reyna að styrkja okkur og ætlum að halda áfram í því. Við þurfum að reyna að virkja menn betur ef það er mótlæti, að menn stígi upp og taki að sér hlutverk leiðtoga. Við erum að reyna að nota ýmis brögð til að koma okkur aftur þangað sem við viljum vera.“

Klaufaskapur í máli Hannesar

Hannes Þór Halldórsson og Valur sömdu um starfslok að loknu tíma-



Heimir Guðjónsson ætlar sér að koma Val aftur á toppinn eftir erfitt síðasta ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Mér fannst þetta klaufalegt, menn læra af þessu og halda áfram. Þetta er búíð.

Heimir Guðjónsson

bili, mikið gekk á og ákvörðun Heimis um að losa sig við besta markvörð í sögu landsliðsins vakti mikla athygli. „Ég er þeirrar skoðunar að svona mál séu leyst innanbúðar, þau eru ekki leyst í fjölmiðlum. Ég tók ákvörðun um að á þessum tímamarki þyrfti að breyta hópnum og þetta var niðurstaðan. Ég hef ekki lagt það í vana minn þegar ég lét leikmenn fara að tjá

mig í fjölmiðlum. Ég hef látið leikmenn fara, leikmenn hafa farið frá mér og það er fullt af leikmönnum sem hafa ekki viljað koma til mín. Alltaf þegar eru gerðar breytingar þá er eitthvað sem býr að baki, þetta mál var leyst innan félagsins,“ segir Heimir en mistök á samfélagsmiðlum Vals urðu til þess að kynnt var að félagið hefði rekið Hannes.

„Mér fannst þetta klaufalegt, menn læra af þessu og halda áfram. Þetta er búíð,“ segir Heimir um mistökina á samfélagsmiðlum.

Breytingar á Hlíðarenda

Valur réð Helga Sigurðsson sem aðstoðarþjálfara liðsins á dögnum eftir að Srdjan Tufegdžic hélt til Svíþjóðar. Þá er Kjartan Sturluson fyrrverandi markvörður liðsins nýr markmannsþjálfari. „Þeir hafa komið frábærlega inn í þetta, Kjartan hefur verið lengi með kvennaliðið og staðið sig vel. Helgi er núna að koma inn í þetta en hefur komið sterkur inn. Það er kraftur í Helga og hann er markaskorari af guðs náð, hann kann þessa list að

skora mörk. Hann getur leiðbeint þessum mönnum sem spila fram á við hjá okkur. Helgi hefur sýnt það með Fylki og ÍBV þegar hann fór með þau upp um deild að hann er góður þjálfari. Við bindum miklar vonir við hann,“ segir Heimir sem kveðst ekki hafa rætt við Eið Smára Guðjohnsen um að gerast aðstoðarþjálfari sinn.

Valur samdi síðasta haust við Aron Jóhannsson sem verður ein stærsta stjarna íslenska fótoltans á næsta ári. Aron fagnar 32 ára afmæli á þessu ári en hann er liðtækur framherji „Það er fint stand á Aroni, hann hefur komið sterkur inn í þetta. Hann æfði með okkur á síðasta ári áður en hann samdi í Pólandi, þar sá maður því lík gæði. Þess vegna vorum við fljótir til þegar hann var í boði, hann er flottur karakter og er að leiðbeina yngri leikmönnum. Við bindum miklar vonir við hann, það eru heldur betur tófrar í skónum hjá honum,“ segir Heimir sem staðfestir að Valur hafi áhuga á að fá Hólmar Örn Eyjólfsson, varnarmann Rosenborg. ■



Valdimar í leik með U20 ára liði Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Valdimar flytur sig um set í Noregi

hordur@frettabladid.is

FÓTBOLTI Sogndal í næstefstu deild Noregs hefur staðfest kaup sín á Valdimari Þór Ingimundarsyni frá Strømsgodset sem leikur í efstu deild. Hafði Valdimar verið orðaður við endurkomu til Íslands en nú er ljóst að hann heldur áfram dvöl sinni í Noregi. Valdimar er annar íslenski leikmaðurinn sem Sogndal kaupir á viku en félagið fékk Hörð Inga Gunnarsson frá FH í síðustu viku.



Valdimar lék sinn fyrsta A-landsleik í upphafi árs.

Valdimar er sóknarsinnaður miðjumaður sem ólst upp í Fylki en var seldur til Strømsgodset frá Fylki árið 2020. Hann spilaði 28 leiki með Strømsgodset í efstu deild Noregs og skoraði þrjú mörk í þeim leikjum.

Valdimar er staddur á Íslandi en er væntanlegur til Noregs í vikunni. Valdimar er fæddur árið 1999 en hann lék sinn fyrsta A-landsleik fyrir í þessum mánuði þegar Ísland gerði jafntefli við Úganda á æfinga-leik. Breiðablik hafði sýnt því áhuga á að fá Valdimar heim úr atvinnu-mennsku en hann tekur nú skrefið niður á við í Noregi í von um að finna taktinn innan vallar. ■



Kristian hefur verið að fá tækifæri með aðalliði Ajax. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Björt framtíð Kristians hjá Ajax

hordur@frettabladid.is

FÓTBOLTI Efnilegasti knattspyrnumaður Íslands, Kristian Nökkvi Hlynsson, hefur skrifað undir nýjan samning við hollenska stórveldið Ajax í Hollandi. Kristian skrifaði undir samning sinn í gær en samningurinn gildir til ársins 2026. Fyrri samningur Kristians átti að renna út sumarið 2023 en þessi öflugli leikmaður varð 18 ára í vikunni.

Kristian gekk í raðir Ajax frá Breiðabliki í janúar árið 2020, er hann dýrasti leikmaður sem íslenskt félag hefur selt frá sér. Kristian hefur spilað tvo leiki fyrir aðalliði Ajax á þessu tímabili og skorað í þeim báðum.

Kristian er réttfættur miðjumaður með mikinn leikskilning en hollenska stórveldið bindur miklar vonir við hann á næstu mánuðum og árum. Ljóst er að laun Kristians hækka hressilega við undirskriftina þar sem hann hefur nú gert sig gildandi í aðalliði félagsins. ■

Mánuður í mikilvægt ársþing KSÍ

aron@frettabladid.is

FÓTBOLTI Sléttur mánuður er þar til að 76. ársþing Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) verður sett í Íþróttamiðstöðinni að Ásvöllum í Hafnarfirði. Meðal þeirra mála sem tekin verða fyrir þar er kosning formanns sambandsins. Það er orðið ljóst að núverandi formaður sambandsins, Vanda Sigurgeirsdóttir, mun bjóða sig fram til áframhaldandi setu. Vanda var kosin formaður KSÍ á aukabingi sambandsins í október á síðasta ári.

Vanda var á sínum tíma fyrst kvenna til þess að vera kosin formaður KSÍ sem og fyrst kvenna til þess að taka við embætti formanns hjá aðildarsambandi Evrópska knattspyrnusambandsins. Hún tók við formennsku á erfiðum tímum hjá KSÍ eftir að fyrrverandi formaður sambandsins, Guðni Bergsson, hætti í kjölfarið á því að hafa farið með rangt mál í fréttapættinum Kastljósi þar sem hann sagði að KSÍ hefði ekki borist nein tilkynning um kynferðisbrot leikmanna.



Boða þyrfti til aukabings í fyrra þegar stjórnin sagði af sér. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Í venjulegu árferði er kosið til formanns KSÍ annað hvert ár og hann kjörinn til tveggja ára í senn. Í ljósi öldugangsins sem skall á veggjum KSÍ á síðasta ári er aftur kosið til formanns á þessu ári.

Engin mótförboð hafa borist til KSÍ hingað til en sögusagnir hafa heyrst um að ýmsir aðilar séu að ihuga framboð, þar með talið fyrrum þingmennirnir Páll Magnússon og Brynjar Nielsson.



Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður KSÍ

Páll sagði í samtali við vefsíðuna Fotbolti.net undir lok síðasta árs að margir hefðu komið að máli við hann um að bjóða sig fram. Hann sagði hins vegar ekkert liggja fyrir um það hvort af framboði hans yrði eða ekki.

Lög KSÍ kveða á um að tilkynning um framboð ásamt skriflegum meðmælum framboðanda þurfi að berast skrifstofu KSÍ minnst hálfum mánuði fyrir þing. Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins segir Ómar Smáráson, deildarstjóri samskiptadeildar KSÍ, að sambandið muni senda frá sér bréf til aðildarfélaga í vikulok þar sem kallað verður eftir framboðum til formanns sem og stjórnar KSÍ. ■



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Sólrún Kristín Þorvarðardóttir

frá Núpsdalstungu í Miðfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ laugardaginn 22. janúar sl. Minningarathöfn verður frá Lindakirkju föstudaginn 28. janúar kl. 11.45. Jarðsett verður að Melstaði í Miðfirði laugardaginn 29. janúar kl. 11. Vegna aðstæðna í samfélaginu geta aðeins nánustu ættingjar verið viðstaddir athöfnina. Athöfninni verður streymt á vef Lindakirkju, lindakirkja.is/utfarir.

Börkur Benediktsson

Sigrún Kristín Barkardóttir **Kristinn Garðarsson**
Björn Helgi Bárðarson **Ólöf Ásdís Ólafsdóttir**
ömmu- og langömmubörn.



Elsku eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Evert Kristinn Evertsson

lést mánudaginn 3. janúar síðastliðinn.

Útför hans fer fram frá Fossvogskapellu þann 28. janúar kl. 10.30. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu verða einungis nánustu aðstandendur og vinir viðstaddir. Streymt verður frá athöfninni á slóðinni: skjaskot.is/evert Hlekk á streymi má nálgast á mbl.is/andlat

Sigríður Guðrún Héðinsdóttir

Sjöfn Evertsdoóttir **Úlfur Helgi Hróbjartsson**
Ólafur Evert Úlfsson **Auður Ýr Jóhannsdóttir**
Karin Sigríður Úlfssdóttir
og langafabörn.



Elskulegur bróðir okkar,

Bergsteinn Jóhannsson

til heimilis að Hjúkrunarheimilinu Skjóli, lést 8. janúar á Landspítalanum Fossvogi.

Viljum við koma á framfæri þakklæti til starfsmanna á Skjóli fyrir hlýju og umönnun. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu hefur útförin farið fram í kyrrþey.

Fyrir hönd ættingja,
Guðfínna Elín Jóhannsdóttir
Kristján Jóhannsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Anna Ingvarsdóttir

Tjarnarbóli 10, lést á hjúkrunarheimilinu Mörk föstudaginn 21. janúar.

Sigríður María Torfadóttir **Arinbjörn Viggó Clausen**
Tómas Ingi Torfason **Karen Bjarnhéðinsdóttir**
Anna Marsibil Clausen, Rakel Tómasdóttir,
Jens Pétur Clausen og Torfi Tómasson



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigmundur Hermundsson

Strandvegi 17, Garðabæ, lést 18. janúar á Hjúkrunarheimilinu Ísafold. Útförin fer fram frá Garðakirkju föstudaginn 28. janúar kl. 15.

Vegna fjöldatakmakana eru einungis nánasta fjölskylda og vinir viðstödd. Útförinni verður streymt á streyma.is. Þakkir eru til starfsfólks Ísafoldar fyrir hlýju og góða umönnun.

Stella Pálsdóttir

Hermundur Sigmundsson **Monika Haga**
Helga Sigmundsdóttir **Pétur Sveinsson**
Rúnar Páll Sigmundsson **Bryndís Kristjánsdóttir**
barnabörn og barnabarnabarn.



Píanóleikarinn Sigurður Helgi Oddsson ásamt Nornunum Elsu Waage, Írisi Sveinsdóttur, Bertu Dröfn Ómarsdóttur og Svövu Kristínu Ingólfsdóttur.

MYND/ADSEND

Ekkert væl á Nornunum

Á ljúfum tónum er heiti hádegis-tónleikadagskrár Fríkirkjunnar í Reykjavík sem hefst á fimmtudaginn. Þar kemur fram kvartettinn Nornirnar sem mun flytja tónlist þýska tónskáldsins Kurt Weill í streymi. En hvaðan koma þessar nornir?

arnartomas@frettabladid.is

„Í gamla daga var ég alltaf að reyna að vera með tónleika með einkanemendum mínum,“ segir Elsa Waage söngkennari og ein af Nornunum. „Hugmyndin var að undirbúa þá undir einhvers konar tónleikahald sem þróaðist svo út í þetta.“

Kvartettinn gekk fyrst um sinn undir nafninu Jólarnornirnar og segir Elsa að ekkert sé heiðit við það þar sem nornin sé vísun í ítalska sögu af gamalli konu sem vitringarnir þrír heimsóttu í leit sinni að Jesúbarninu.

„Gamla kerlingin bauð þeim inn og leyfði þeim að hvíla sig, en vildi ekki fara með þeim þótt þeir hefðu búið henni með þar sem hún sagðist svo vant við látin við að þrifa,“ segir Elsa. „Svo sá hún eftir því daginn eftir og leitaði árangurslaust að þeim. Að lokum birtist henni engill sem gaf henni leyfi til að heimsækja börn í kringum jólin. Og það er þessi fræga norn sem flýgur á kústinum. Það er ekkert illt við það að kalla sig norn!“

Elsa segir þær stöllu þó reyna að halda í þá mynd að þær séu nornir.

„Engin okkar er neitt unglamb, nema kannski Berta,“ segir hún og hlær. „Við reynum aðallega að hafa gaman af þessu, syngja bara hitt og þetta af því sem okkur þykir skemmtilegt.“

Ádeiluskáldið Kurt Weill

Kurt Weill fæddist þann 2. mars árið 1900 í gyðingahverfinu í Dessau í Þýskalandi. Hann ólst upp við tónlist þar sem faðir hans var kantor og fór Kurt að læra á píanó tólf ára gamall. Átján ára gamall hóf hann nám við tónsmíðar í Tónlistarháskólanum í Berlín þar sem hann samdi sínar fyrstu óperur.

Árið 1927 vann hann í fyrsta skipti með Bertholt Brecht og sköpuðu þeir í sameiningu nýja tegund af óperu sem einkenndist af satíru og þjóðfélagsádeilu. Þrátt fyrir að verk Weill hafi fengið góðar viðtökur meðal áheyranda lögdust þau illa í stjórnvöld nasista sem lögðu bann við tónlist hans, sem ekki fékkst aflétt fyrir en eftir síðari heimsstyrjöldina. Weill flúði Þýskaland árið 1933 og settist að í New York ásamt eiginkonu sinni, Lotte Lenyu, sem var jafnframt söng- og leikkona og átti stóran þátt í verkum Weill.

Weill lést úr hjartaáfalli skömmu eftir fimmtugsafmæli sitt en tónlist hans nýtur enn hylli. Þekktasta verk hans og Brecht er Túsíldingsóperan (1928).



Þetta eru stórkostleg lög sem fara vel við hvaða söng sem er.

Berlín 1920

Á tónleikumunum mun hver norn taka eitt lag eftir Weill áður en þær syngja saman lög sem þær radda.

„Við ætlum að taka Weill, þótt það verði ekkert væl á okkur,“ segir hún. Weill varð meðal annars fyrir valinu þar sem tónlist hans bjóði upp á fjölbreytta raddtækni. „Okkur langaði að gera eitthvað nýtt, en hann er kannski eitt af þeim tónskáldum sem býður upp á hvaða raddtækni sem er. Þetta eru stórkostleg lög sem fara vel við hvaða söng sem er.“

Í fyrstu segir Elsa að hugmyndin hafi verið að taka klassíska Vinar-tónlist, en það séu allir að vinna með það þessa dagana. „Við ákváðum þess vegna að fara í þetta andrúmsloft frá Berlín 1920. Það er eitthvað svart og nornalegt við það.“

Vegna fjöldatakmakana verða tónleikarnir aðeins aðgengilegir í streymi sem verður frumraun fyrir Elsu og Nornirnar.

„Ég hef ekki upplifað þetta ennþá. Í þau skipti sem ég sungði í streymi hefur alltaf verið einhver hópur af áhorfendum, en það verður ekki núna,“ segir Elsa og tekur vel í uppástungu um að fylla kirkjubekkina af tuskubrúðum. „Já, og kannski einhvern sem hóstar og svona líka! Ég er svo háð því að hafa áhorfendur því þeir glæða tónleika svo miklu lífi en maður verður vist að venjast þessu.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 12 og verða aðgengilegir í gegnum Facebooksíðu Fríkirkjunnar í Reykjavík. ■

Þetta gerðist: 26. janúar 2009

Suleman-áttburarnir fæðast

Nadya Sulemann rataði í heimsfréttirnar árið 2009 þegar hún eignaðist áttburu sem lifðu allir fæðinguna af. Hún var þá orðin fjórtán barna móðir. Sex dögum eftir fæðingu önduðu öll átta börnin án aðstoðar og fengu mjólkurgjöf. Þetta er í fyrsta skipti sem vitað er að áttburar hafi lifað af fyrstu dagana eftir fæðingu.

Suleman-áttburarnir svokölluðu voru getnir með glasafróvgun. Læknirinn sem aðstoðaði Suleman að eignast áttburana var síðar sviptur lækisleyfi sínu þegar læknarád Kaliforníu úrskurðaði hann hafa sýnt gáleysi með aðgerðinni.



Árið 2019 tók ástralski þátturinn Sunday Night viðtal við Suleman í tilefni tíu ára afmælis áttburanna þar sem hún sagði börnin öll vera hamingjusöm og heilbrigð. ■



Suleman bifast áfram með tröllvaxinn barnavagn.

INNRETTINGAR FYRIR ÖLL RÝMI

Komdu til okkar, lýstu óskum þínum og leyfðu okkur að teikna innréttingar sem henta þínu heimili.



ELDHÚS Á 6 VIKUM

Nútíma lífstíll kallar á kröfur. Á sama hátt og við höfum væntingar til lífsins, gerum við kröfur til eldhússins okkar.

LÁTTU
DRAUMAELDHÚSIÐ
VERÐA AÐ VERULEIKA


HTH INNRETTINGAR LÁGMÚLA 8

Við hjá Ormsson brennum fyrir því að aðstoða þig við að skapa draumaherbergið. Kíktu í sýningarsal okkar að Lágmúla 8.

HINAR GLÆSILEGU HTH
INNRETTINGAR SÍÐAN 1966



Veðurspá Miðvikudagur



Hæglætis veður í dag, fremur hæg norðlæg eða breytileg átt. stöku él, einkum suðaustan- og austanlands og frost 2 til 10 stig, kaldast í inn-sveitum norð-austanlands. ■

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 hvetja
- 5 brott
- 6 hljóta
- 8 messings
- 10 ryk
- 11 ofviðri
- 12 sannur
- 13 ata
- 15 vanrækja
- 17 ávallt

LÓÐRÉTT

- 1 líklega
- 2 litlaus
- 3 athygli
- 4 gagn
- 7 eðlilegt
- 9 afstyrmi
- 12 afbragðs
- 14 gruna
- 16 ætíð

1	2	3	4		
5			6	7	
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 eggja, 5 fra, 6 fá, 8 látúns, 10 ar, 11 rok, 12 ektá, 13 sóða, 15 trassa, 17 áttíð.
LÓÐRÉTT: 1 eflaust, 2 grár, 3 gáf, 4 afnot, 7 áskapó, 9 urkast, 12 eðal, 14 ora, 16 sl.

Friðrik Ólafsson átti leik gegn Miguel Quinteros í Las Palmas árið 1974.

18. Hxd7! Kxd7 (18...Dxd7 19. Dxc5) 19. Bxc6+! Kxc6 20. Da4+ 1-0. 20...Kxd5 er svarað með 21. Hd1+. Skákdagur Íslands, sem er afmælisdagur Friðriks, er í dag. Allir eru hvattir til að taka upp taflið í tilefni dagsins. Skák-sambandið mun halda mót í netinu fyrir alla í tilefni dagsins.

www.skak.is: Skákdagurinn. ■


Sudoku

1		6						3
3	2				1	5		
7		4	5	9				
		5	1		8	4		
2		1						7
6	3	8			2	1		
	9							6
	6	7				8		
			6	4	2	9		

3			2				8	4
			6	5				3
2			8					
5		3		1				
	1						9	
8		2						1
9	3							5
7				5				
	2				3	7		9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Geljan




Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

ÚTSALA BETRA BAKS ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR



EKKI MISSA AF ÞESSU!

STILLANLEG RÚM | HEILSRÚM OG -DÝNUR GAFLAR | SÆNGUR | KODDAR | SVEFNSÓFAR STÓLAR | SÆNGURFÖT, O.FL.



VEFVERSLUN
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566



Miðvikudagur

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Markaðurinn** Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 19.30 Saga og samfélag** Málefni líðandi stundar rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
- 20.00 Kvinnaklefinn** Heimsborgaralegur, hreinskilinn, fjörugur, óvenjulegur og ótrúlega skemmtilegur þáttur fyrir konur, um konur.
- 20.30 Fréttavaktin**
- 21.00 Markaðurinn (e)**

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Kastljós**
- 13.25 Menningarvikan**
- 14.00 EM stofan** Upphitun fyrir leik Svartfjallalands og Íslands á EM karla í handbolta.
- 14.25 Svartfjallaland - Ísland** Bein útsending frá leik á EM karla í handbolta.
- 16.00 EM stofan** Uppgjör á leik Svartfjallalands og Íslands á EM karla í handbolta.
- 16.45 Hvunnagshetjur** Sigurþóra og Bjartmar.
- 17.15 Okkar á milli**
- 17.40 Sætt og gott**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Tölukubbar**
- 18.06 Hæ Samur**
- 18.13 Refurinn Pablo**
- 18.18 Múminálfarnir**
- 18.40 Krakkafréttir**
- 18.45 Lag dagsins** Tunglleysa - Sortufen.
- 18.52 Vikinglottó**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós**
- 20.05 Jarðgöng** Samfélagsleg áhrif. Íslensk heimildarmynd um samfélagsleg áhrif jarðganga á Norðurlandi.
- 21.05 Kraftaverkið The Miracle** Ítölsk spennuþáttaröð í átta hlutum. Styttu af Mariu mey sem grætur blóði finnst fyrir tilviljun í lögregluaðgerð í Róm. Smátt og smátt fara allir sem koma að rannsókn þessa dularfulla máls að missa tókin á raunveruleikanum. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00 Tiufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Louis Theroux. Að velja dauðann Louis Theroux's Altered States. Choosing Death** Heimildarmynd frá BBC þar sem Louis Theroux fjallar um líknardráp. Hann fer til Kaliforníu, þar sem líknardráp er löglegt, og ræðir við fólk sem er haldið ólæknandi sjúkdómum og hefur ákveðið að binda enda á líf sitt með þessum hætti.
- 23.25 Heimur myndasagna með Robert Kirkman Robert Kirkman's Secret History of Comics**
- 00.05 Dagskrárlok**

Stöð 2 Golf

- 08.00 Farmers Insurance Open**
- 13.40 Gainbridge LPGA at Boca Rio**
- 17.00 Farmers Insurance Open** Bein útsending frá Farmers Insurance Open.
- 21.00 Omega Dubai Desert Classic**

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil**
- 13.15 The Late Late Show**
- 14.00 The Block**
- 15.00 Ghosts**
- 15.30 A.P. BIO**
- 16.00 Survivor**
- 16.55 The King of Queens**
- 17.15 Everybody Loves Raymond**
- 17.40 Dr. Phil**
- 18.25 The Late Late Show**
- 19.10 The Block**
- 20.10 Extreme Makeover. Home Edition**
- 21.00 New Amsterdam**
- 21.50 Station 19**
- 22.40 The Great** Dramatísk þáttaröð með gamansömu ívafi sem fjallar um eina merkustu konu mannkynsögunnar, Katrínu miklu.
- 23.35 The Late Late Show**
- 00.20 Dexter**
- 01.05 The Resident**
- 01.45 NCIS. Hawaii** Bandarísk sakamálaferia sem fjallar um rannsóknarsveit bandaríska sjóhersins í Hawaii.
- 02.30 The Twilight Zone (2019)** Glæný útgáfa af einni þekktustu sjónvarpsseríu allra tíma. Sagðar eru ótrúlegar sögur sem fá áhorfendur til að hugsa.
- 04.00 Tónlist**

RÚV Rás eitt

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 Morgunvaktin**
- 07.00 Fréttir**
- 07.30 Fréttayfirlit**
- 08.00 Morgunfréttir**
- 08.30 Fréttayfirlit**
- 09.00 Fréttir**
- 09.05 Segðu mér**
- 09.45 Morgunleikfimi**
- 10.00 Fréttir**
- 10.03 Veðurfregnir**
- 10.13 Á reki með KK**
- 11.00 Fréttir**
- 11.03 Mannlegi þátturinn**
- 12.00 Fréttir**
- 12.03 Hádegis Fyrri og seinni hluti**
- 12.20 Hádegisfréttir**
- 12.42 Hádegis**
- 13.00 Dánarfregnir**
- 13.02 Samfélagið**
- 14.00 Fréttir**
- 14.03 Afganistan í öðru ljósi** Sagan Afganistan II.
- 15.00 Fréttir**
- 15.03 Svona er þetta**
- 16.00 Síðdegisfréttir**
- 16.05 Viðsjá**
- 17.00 Fréttir**
- 17.03 Lestin**
- 18.00 Spejillinn**
- 18.30 Þjóðsögukistan** Þjóðsögur um hugrakka Helgu og fjóra dreka.
- 18.50 Veðurfregnir**
- 18.53 Dánarfregnir**
- 19.00 Endurómur úr Evrópu**
- 20.35 Mannlegi þátturinn**
- 21.35 Kvöldsagan. Samastaður í tilverunni** (14 af 24)
- 22.00 Fréttir**
- 22.05 Veðurfregnir**
- 22.10 Samfélagið**
- 23.05 Lestin**

Stöð 2 Bíó

- 11.25 April Jones. The Interrogation Tapes**
- 12.35 The Lego Movie**
- 14.15 Bridget Jones's Baby**
- 16.10 April Jones. The Interrogation Tapes**
- 17.20 The Lego Movie**
- 19.00 Bridget Jones's Baby**
- 21.00 The Gentlemen**
- 22.45 The Big Lebowski**
- 00.40 Walking Out**
- 02.15 The Gentlemen**

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn**
- 08.10 The O.C.**
- 09.05 Bold and the Beautiful**
- 09.25 All Rise**
- 10.05 Masterchef USA**
- 10.45 Cyrus vs. Cyrus Design and Conquer**
- 11.05 Líf dafnar**
- 11.45 Flirty Dancing** Stórskemmtilegir og öðruvísi breskir stefnumótapættir þar sem einhleypt fólk í ástarleit er parað saman í dansi.
- 12.35 Nágrannar**
- 12.55 GYM** Önnur þáttaröð þessara frábæru þátta í umsjón Birnu Mariu Másdóttur sem ræðir við íþróttafólk og áhugafólk um heilbrigðan lífsstíl á léttu nótonum.
- 13.20 Manifest**
- 14.00 The Cabins**
- 14.50 Falleg íslensk heimili**
- 15.20 The Diagnosis Detectives**
- 16.20 Who Do You Think You Are?**
- 17.35 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakkinn**
- 18.55 Ísland í dag**
- 19.05 Heimsókn** Fátt finnst henni skemmtilegra en að taka íbúðir í gegn og gera þær að sínum. Árið 2018 fór Sindri í heimsókn til Ölmú Sigurðardóttur á Laugarásveginn sem er nú flutt á Suðurgötuuna og var leikurinn endurtekinn og nú á franskan máta.
- 19.35 First Dates Hotel**
- 20.30 The Good Doctor**
- 21.10 Angela Black**
- 22.00 Coroner** Leynardómsfullir sakamálaþættir sem byggðir eru á vinsælum bókaflökki.
- 22.45 Damages**
- 23.35 Damages**
- 00.25 The Blacklist**
- 01.05 MacGruber**
- 01.40 NCIS**
- 02.20 Manifest**
- 03.00 Who Do You Think You Are?**

Stöð 2 Sport

- 08.55 Síamótið**
- 09.45 Þæjumót TM**
- 10.30 Norðurálmótið**
- 11.10 Shellmótið**
- 12.00 Subway Körfuboltakvöld**
- 13.00 Breiðablik - Haukar** Útsending frá fleik í Subway-deild kvenna.
- 14.40 Breiðablik - Grindavík**
- 16.20 Njarðvík - Fjölnir**
- 18.05 Grindavík - Njarðvík** Bein útsending frá leik í Subway-deild kvenna.
- 20.05 Fjölnir - Keflavík** Bein útsending frá leik í Subway-deild kvenna.
- 22.05 Grindavík - Njarðvík**
- 23.45 Fjölnir - Keflavík**

Stöð 2 Sport 2

- 08.20 Lokasóknin**
- 09.30 Blackburn - Middlesbrough**
- 11.10 Football League Show**
- 11.35 The Fifth Quarter**
- 11.50 Real Madrid - Barca**
- 13.50 Knicks - Clippers**
- 15.45 Leikur** Útsending frá leik í NFL.
- 18.05 Lokasóknin**
- 19.20 Zaragoza - UCAM Murcia** Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni í körfubolta.
- 21.05 Leikur** Útsending frá leik í NFL.
- 23.25 Lokasóknin**

MARKAÐURINN



Márkaðurinn

Miðvikudaga kl. 19.00

Vikulegur þáttur um íslenskt viðskiptalíf í umsjón blaðamanna Markaðarins þar sem farið er yfir helstu fréttir ásamt öðru því sem hæst ber hjá í efnahagslífinu hverju sinni.



HRINGBRAUT



Elin Hansdóttir og Úlfur Hansson sýna í Gerðarsafni.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Upplifun handan orða



Porvaldur S. Helgason
tsh
@frettabladid.is

Systkinin Elin Hansdóttir og Úlfur Hansson mætast á sýningunni Ad Infinitum í Gerðarsafni á Ljósmynda-hátíð Íslands. Um er að ræða skynræna innsetningu á mörkum myndlistar og tónlistar sem ögrar rýmistilfinningu áhorfenda.

Sýningin Ad Infinitum í Gerðarsafni er hluti af dagskrá Ljósmynda-hátíðar Íslands. Sýningin er unnin sérstaklega fyrir rými Gerðarsafns en um er að ræða innsetningu á mörkum myndlistar og tónlistar. Systkinin Elin og Úlfur hafa farið ólíkar leiðir í listinni, Elin sem myndlistarmaður og Úlfur sem tónskáld. Þetta er þó alls ekki í fyrsta skiptið sem þau tvö vinna saman.

Elin: „Við höfum unnið áður saman, alveg þó nokkuð margar sýningar. En stundum hefur það verið þannig að ég hef verið að sýna einhverja innsetningu og leitað til Úlfs til að bæta við ákveðnu hljóði sem hann hefur þá hannað fyrir innsetninguna en í þessu tilfelli

komum við svolítið öðruvísi að þessu. Við fórum á einhvers konar hugmyndafræði og hugmyndirnar fæddust svolítið samhliða.“

Hvernig mynduð þið lýsa sýningunni fyrir áhorfendum sem hafa enga hugmynd um hvað þeir eru að fara út í?

Elin: „Það er alltaf svolítið erfitt. Ég hef alltaf reynt að forðast það að útskýra hvað fólk á að upplifa eða um hvað nákvæmlega verkið snýst vegna þess að við erum öll svo ólík og við skynjum heiminn öll á svo ótrúlega ólíkan hátt og það er líka bara háð því hvað við erum að gera eða hvernig við vöknudum þann daginn.“

Úrtak af óreiðukenndu fyrirbæri Í sýningunni gengur áhorfandinn inn í myrkvaðan sal Gerðarsafns þar sem heyrja má hljóðverk Úlfs ferðast um rýmið. Í miðjum salnum er svo fristandandi rými með hringlaga veggjum þar sem hægt er að ganga inn í og virða fyrir sér sjónrænt verk Elinar.

Elin: „Þar inni eru 500 ljósmyndir sem eru einhvers konar dagbók, ljósmyndir sem ég hef safnað að mér síðastliðin fimm ár á göngu minni um borgir, aðallega Reykjavík en líka aðrar borgir. Þetta eru ljósmyndir af gúmmíteygjum, það er ekki flóknara en það. Svo í miðjunni á þessu rými er lítill skúlptúr sem

”

Við fórum á einhvers konar hugmyndafræði og hugmyndirnar fæddust svolítið samhliða.

Elin Hansdóttir

er gylltur fimm laufa smári sem ég fann. Ég hef verið að safna smárum undanfarin ár. Bæði þessi verk fjalla um leit að einhverju sem maður veit ekki hvað er.“

Úlfur: „Í raun og veru er þetta einhvers konar úrtak af óreiðukenndu fyrirbæri sem er bara það hvaða form teygjur búa til þegar þær lenda á götunni og eru ekki lengur í notkun. Við það að sjá svona mörg form rísa upp úr óreiðunni þá fer maður sjálfkrafa að setja einhverja merkingu í það eða sjá form og munstur. Svo er þessi smári í miðjunni einhvern veginn kraftaverkið, undantekningin sem sannar regluna. Eitthvað sem er algjörlega „random“ fyrirbæri en líka hundrað prósent einstakt.“

Úlfur segist hafa hugsað mikið um það í sköpunarferlinu hvernig samband manneskjunnar er við raunveruleikann og hvernig við erum gjörn á að finna merkingu í hlutum sem eru algjörlega óreiðukenndir.

„Mig langaði einhvern veginn í framhaldi af því að skapa hljóðverk sem er tenging við óreiðuna og óendanleikann og er þá hljóð sem ferðast um rýmið á hátt sem er óreiðukenndur en fer í hring og myndar óregluleg form aftur og aftur og er aldrei eins jafnvel þótt sýningin stæði í 40.000 ár,“ segir hann.

Öll mörk að mást út

Elin og Úlfur segjast bæði hafa mikinn áhuga á því hvernig hægt er að miðla listrænni upplifun handan orða sem á hvorki uppruna sinn í texta né hugmyndafræði. Það gefur því auga leið að erfitt getur reynt að lýsa slíku verki í gegnum texta.

Elin: „Já, fólk verður bara að mæta.“

Úlfur: „Algjörlega, það er svo margt sem er handan orða og ég held að það sé, sérstaklega í músíkinni, eitthvað sem er spennandi að reyna að uppgötva, finna og vinna með. Mér finnst Elinu hafa tekist að gera það sama með sjónrænum hætti sem hafði ótrúlega sterk áhrif á mig þegar ég sá myndina, þannig gekk þetta mjög náttúrulega saman.“

Sýningin er sett upp í tengslum við Ljósmynda-hátíð Íslands, hvernig talar verkið inn í hátíðina?

Elin: „Ég held að það geri það nú bara með því að hafa 500 ljósmyndir á sýningunni. En ég held að allar svona hugmyndir um flokka í sjónrænni menningu, það eru öll mörk að mást út og hafa verið að gera það undanfarin 20, 30 ár og það verður alltaf meira og meira. Þetta er í rauninni allt sami hluturinn og ég held að sá tími sé svolítið liðinn að við séum að flokka list.“ ■

Þjóðlög á vínplötu

kolbrunb@frettabladid.is

Tríóið Guitarr Islancio hefur gefið út vínplötuna Þjóðlög. Segja má að platan sé lokaútgáfa í trílógú sem Jón Rafnsson bassaleikari er í forsvari fyrir.

„Árið 2017 kom út geisladiskur með þessu sama nafni, Þjóðlög, og árið 2019 kom bókin Þjóðlög í útsetningu Guitarr Islancio og nú er komin vínplata sem heitir Þjóðlög,“ segir Jón, en auk hans eru í tríóinu Gunnar Þórðarson og Björn Thoroddsen.

Á vínplötunni eru tólf lög. „Þetta eru þjóðlög sem öll hafa komið út á

geisladiskum tríósins sem eru allir ófáanlegir. Þetta eru þekkt lög eins og Krummi svaf í klettagjá, Guð gaf mér eyra, Sofðu unga ástin mín og Þorraprællinn. Svo er þarna ný útgáfa af Á Sprengisandi eftir Sigvalda Kaldalóns,“ segir Jón.

Guitarr Islancio, sem var stofnað árið 1998, hefur vakið athygli erlendis. „Við höfum spilað þessa íslensku þjóðlagatónlist úti um allan heim og lögin hafa verið gefin út í Kanada, Japan og fleiri löndum. Tónlistin höfðar greinilega til margra. Fólki finnst hún skemmtileg,“ segir Jón. Bókin Þjóðlög, tuttugu og tvö íslensk þjóðlög á

”

Tónlistin höfðar greinilega til margra. Fólki finnst hún skemmtileg.

nótum og með hljóðum fyrir gítar og píanó, hefur einnig gert lukku og er komin í sölu mjög víða erlendis, til dæmis í Þýskalandi og Svíþjóð.

Þjóðlagaverkefninu er nú lokið en tríóið starfar áfram og þjóð-

löginn munu fylgja því sem hluti af tónleikadagskrá. Þórður Árnason, gítarleikari og fyrrverandi Studmaður, hefur leikið undanfarið með tríóinu í stað Gunnars Þórðarsonar og mun væntanlega halda því áfram. „Við erum að grúska í alls kyns skemmtilegu efni, íslenskum og erlendum lögum, en ekki er enn ljóst hvað af því mun rata í útgáfu,“ segir Jón.

Tónleikahald biður betri tíma en seinna á árinu eru áætlaðir tónleikar í Kaldalóni í Hörpu með sænska djass- og þjóðlagaleikaranum Jonas Knutsson og væntanlega fleiri gestum. ■



Platan er lokaútgáfa í trílógú.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Félagsmálaráðherrann og fylgdarlið hans sáu næst afturendann á mér þar sem ég var að reyna að veiða nótnablaðið undan pianóinu.



Jónas Sen við pianóið en þar hefur hann ekki alltaf átt jafn góðar stundir.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Ekki er ljóst hve margir kórar eru starfandi á Íslandi, en þeir skipta tugum, ef ekki hundruðum ef allt er talið til. Margir Íslendingar hafa því einhverja reynslu af kórastarfi, þó ekki nema af því að syngja í barnaskóla.

Ég var sjálfur í Ísaksskóla og þar hófst vikan venjulega á því að allir bekkirnir sungu saman frammi á gangi áður en kennslan hófst. Kannski kom mitt gagnrýnandaeðli fram strax þarna þegar ég var sex ára, því mér fannst kórsöngurinn óskaplega hallærislegur. Ég fékk alltaf bjánahroll og ímyndaði mér – og óskaði – að mitt í kórsgaullinu kæmi pabbi fljúgandi í Batmanbúningi og hrifi mig á brott.

Undirleikari hjá Slökkviliðinu

Um 25 árum seinna lenti ég í því að verða undirleikari karlakórs Slökkviliðsins. Æfingarnar fóru fram í Skógarhlíðinni og þær voru fjórugar. Einu sinni átti kórinn að syngja í finni veislu sem fór fram í Rúgbraudsgerðinni. Meðal gesta var Páll Pétursson félagsmálaráðherra, svo mikið var í húfi. Kórinn varð að sýna sitt fegursta andlit.

Við gengum frekar taugaóstyrkir fram fyrir gestina. Kórinn tók sér stöðu og ég settist við svart píano (ekki flygil) sem var staðsett við stóran glugga. Þetta var um haust og frekar hlýtt, glugginn var því opinn. Kórinn hóf söng sinn og ég spilaði með honum einfalt lag sem ég kundi ekki, en undirleikurinn

Jónas Sen skrifar um reynslu sína af samstarfi við kóra. Raunir kórundirleikarans

var auðveldur og ég las hann beint af ljósrituðu blaði.

Söngurinn fór í köku

Þá kom allt í einu vindhviða. Nótnablaðið hófst á loft og sveif undir pianóið. Þar sem ég kundi ekki lagið og var algerlega háður nótnum var ég í vanda staddur. Ég brást eins vitlaust við og hugsast gat, hætti bara að spila í miðju lagi. Félagsmálaráðherrann og fylgdarlið hans sáu næst afturendann á mér þar sem ég var að reyna að veiða nótnablaðið undan pianóinu.

Slökkviliðsmennirnir héldu þó áfram að syngja, en þar sem undirleikinn vantaði fór söngurinn í köku og hver söng með sínu nefi. Þegar ég loksins leit upp sá ég að kórfélagarnir voru eldrauðir í framan. Þeir horfðu á mig illilega. Tónlistarflutningurinn hafði algerlega misheppnast og það var mér að kenna.

Ég var rekinn úr kórnum. Á næstu tónleikum hans var annar undirleikari. En hann var víst enn verri en ég, svo ég var ráðinn til baka. Mér var þó stanslaust strítt á æfingum eftir þetta, svo jaðraði við einelti. Alltaf fyrir tónleika var ég spurður: „Jónas, hvernig er vindáttin?“ Síðan var hlegið kvikindislegum hlátri.



Pergolesi samdi eitt fegursta kórverk sem hugsast getur.

Kórstjórinn var egóisti

Tveimur árum síðar starfaði ég um tíma með öðrum kór, sem ég ætla ekki að nefna. Þar kynntist ég nokkru sem er mjög algengt. Yfirstjórn kórsins sér kórstjórnann sem starfsmann kórsins, og hlutverk hans er að kórstarfið gangi sem best og meðlimirnir fái sem mest

fyrir peninginn sinn. Kórstjórinn hins vegar lítur á kórinn sem sitt einkahljóðfæri og vettvang fyrir eigin sköpunarþörf. Svo var uppi á teningnum hér.

Kórstjórinn samdi lög og hann var óþreytandi við að fá kórinn, og mig, til að flytja þau. Lögin voru þó óttalegur leirburður og það var þínlegt fyrir alla að þurfa sífellt að vera að æfa þau, hvað þá að troða upp með þau á tónleikum. Á endanum hætti ég.

Fimm flott kórverk

Nei, þá er nú meira varið í verkin er hér verða upptalin, fimm stórkostleg kórverk sem hægt er að njóta á meðan samkomutakmarkanir eru í gildi. Núna eru auðvitað engir kórtónleikar, en netið er á sínum stað og um að gera að streyma sem mest eða hlusta á geisladiska.

Vivaldi: Gloria

Textinn byrjar á „dyrd sé Guði í upphæðum“ og er í senn tignarlegur og fagnandi. Hrifningarviman er smitandi og tónlistin missir aldrei dampinn. Þetta er einstaklega skemmtileg tónlist.

Rakhmaninoff: Vespers

Kvöldsöngur úr rússnesku rétt-

trúnaðarkirkjunni er dásamlega fagur. Tónlistin byggir að hluta til á hefðbundnum stefjum úr kirkjunni og er þrúgrun trúarvím og tímaleysi. Rakhmaninoff var snillingur.

Bach: Matteusarpassian

Þetta stórfenglega verk er í senn frásögn úr Nýja testamentinu og ihugun. Tónlistin er full af alls konar táknfræði og leyndardómum. Stefin eru guðdómleg, tónavefurinn hástemmdur.

Pergolesi: Stabat mater

Eitt fegursta kórverk sem hugsast getur. Tónlistin er tregablandin, enda um það hvernig Maria mey upplifir krossfestinguna. Byrjunin er einstaklega gripandi, stefin áleitun og samöngur ólíkra radda himneskur.

Mozart: Sálumessa

Tónskáldinu entist ekki ævin til að ljúka verkinu, og var það annað tónskáld, Franz Xaver Süssmayr, sem gerði það. Upphafið er dásamlega seiðandi, og kaflinn um helvíti og hreinsunareldinn er stórbrotinn. Þetta er tónlist sem maður fær ekki nóg af. Óperukórinn, undir stjórn Garðars Cortes, flytur hana ævinlega aðfaranótt 5. desember til að minnast dauða tónskáldsins. Það er bara fyrir nátthrafna, en netið er aftur á móti alltaf til staðar og hægt að hlusta hvenær sem er. Góðar stundir! ■

Innsýn í vinnu sviðslistahópa

Syrpa – sýnisrit sviðshandrita er bók sem Lókal – alþjóðleg leiklistarhátíð í Reykjavík gefur út. Eva Rún Snorradóttir er ritstjóri verksins.

kolbrunb@frettabladid.is

„Þetta er safn af handritum, handritabrotum, senuskrifum og vinnuadferðum sviðslistafólks í Reykjavík á árunum 2009 til 2020. Fjórðán sviðslistahópar og einstaklingar eiga efni í bókinni,“ segir Eva Rún. „Ég vildi ná fram sem mestri fjölbreytni og þarna kennir ýmissa grasa. Þetta eru excel-skjöl, teikningar, listar og sýningar í hinum ýmsu formum.“

Hóparnir vinna sumir út frá human specific-nálgun, setja sér tímaramma, vinna verk inn í óhefðbundin rými. Svo eru líka í bókinni aðlaganir, sviðshandrit sem hópar hafa unnið út frá skáldverkum. Það er meira að segja

messa þarna og viðkomandi handrit ber keim af því.

Í bókinni eru handrit frá meðal annars Marmarabörnum, Ásrúnu Magnúsdóttur, Kriðpleir, Kviss búmm bang, Reykjavík Ensemble og Sóma þjóðar.

Spurð að því hvaða þýðingu það hafi að efnið sé komið á bók segir Eva Rún: „Ég ritstýrði bókinni og safnaði efninu saman til að búa til heimild. Framlöggin eiga það sameiginlegt að vera unnin í samskiptum. Þessi bók veitir gríðarlega góða innsýn í vinnu sviðslistahópa með texta sem unnið er með á margvíslegan hátt. Það er oft erfitt að nálgast texta sviðslistaverka, hann hættir að vera miðlægur og verður einungis eitt af verkfærunum sem notast var við til að skapa sýningu. Það er dýrmætt að geta séð handritið í bók eins og þessari. Það getur líka verið mikill innblástur fyrir fólk sem er að vinna með hvers konar handrit að sjá þessa vinnu og



Það er dýrmætt að geta séð handritið í bók eins og þessari, segir Eva Rún.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Það getur líka verið mikill innblástur fyrir fólk sem er að vinna með hvers konar handrit að sjá þessa vinnu.

Það má læra ýmislegt af henni. Svo er þetta ótrúlega skemmtilegt efni.“

Karl Ágúst Þorbergsson skrifar inngangsgrein bókarinnar. „Þetta er stutt og góð fræðigrein þar sem hann setur þessi framlög í samhengi,“ segir Eva Rún. Bókin er fallega hannaður gripur, hönnunina sá Helga Dögg Ólafsdóttir um.

Bókin fæst í helstu bókaverslunum og á bókasöfnum. ■

■ Á skjánum

Oftast Netflix og notalegheit



Ingibjörg Sædis Bergsteinsdóttir háskólanemi

„Ég er að horfa á Succession og Verbúðina þessa dagana. Mér finnst báðar seriurnar ótrúlega góðar en þetta eru mjög

ólíkir þættir, þótt þeir fjalli báðir um viðbjóðslega ríkt fólk sem vill verða ennþá ríkara,“ segir Ingibjörg Sædis. Aðspurð hvort hún horfi eingöngu á þætti með ríku fólki segir hún:

„Já, ég vil einungis horfa á sjónvarpsefni með sauðspilltum ríkisbubbum. Það er bara minn bolli af tei,“ segir Ingibjörg hlæjandi.

„Djók, nei, ég horfi á alls konar sjónvarpsefni. Hef gaman af ýmsum ævintýraþáttum, jafnvel teiknimyndaseríum og svo horfi ég af og til á raunveruleikastjónvarp. Það er svona „guilty pleasure“ að horfa á þætti eins og Nailed it eða The Circle.

Svo reyni ég að fylgjast með íslensku sjónvarpi, allavega þeim þáttum sem eru á RÚV. Er ekki með Stöð 2, en væri samt til í að sjá Svörtu sanda til dæmis. En oftast er það bara Netflix og notalegheit.“

Euphoria grætir, Lasso kætir



Vilhelm Neto leikari

„Þessa dagana er ég að horfa á Ted Lasso, The Book of Boba Fett, Euphoria, Kanarí og svo auðvitað Verbúðina, þessir

seinustu tveir á RÚV,“ segir Villi Neto. Hann hefur verið duglegur að tista um áhorfi sitt á Euphoria með Zendaya í aðalhlutverki og viðurkennir að unglíngadramað geti tekið á.

„Ég þarf alltaf eitt Bobs Burgers eftir Euphoria,“ segir Villi sem grípur líka í bandarísku grínþættina um Ted Lasso, sem eru á hinum enda tilfinningarófsins.

„Þetta eru svo jákvæðir þættir! Þurfti þá svo mikið fyrir hjartað,“ segir Villi um þættina þar sem Jason Sudeikis fer á kostum sem lífsglaði fótboltaþjálfari Ted Lasso sem þarf að taka á hinum stóra sínum í ensku úrvalsdeildinni. ■

Æfði sex tíma á dag og eignaðist tuttugu og sex nýja vini

Bjarni Berg Gíslason er tíu ára gamall leikari sem fer með eitt stærsta hlutverkið í uppsetningu Konunglega danska leikhússins á söngleiknum Matthildi. Hann er yngstur í leikhópnum en spennur fyrir því að stíga á svið í Danmörku þar sem hann býr með fjölskyldu sinni.

ninarichter@frettabladid.is

Söngleikurinn um Matthildi, sem byggður er á samnefndri bók Roald Dahl, verður frumsýndur í Konunglega danska leikhúsinu í Kaupmannahöfn á fimmtudaginn. Sýningin er unnin í samstarfi við Óperuna í Malmö en með annað aðalhlutverkið fer tíu ára gamall íslenskur strákur, Bjarni Berg Gíslason.

„Ég sá leikritið í Borgarleikhúsinu þegar ég var svona átta ára,“ segir Bjarni sem búinn hefur í Danmörku síðan hann var eins árs. Þetta er í fyrsta sinn sem Bjarni tekur að sér leikhlutverk, og það má greina mikla eftirvæntingu þegar hann lýsir ferlinu.

„Fyrst fóru sex hundruð börn í áheyrnarprufur,“ segir hann. „Þar áttum við að syngja dönsk lög.“ Þegar áheyrnarprufum var lokið voru tuttugu og sjö börn valin til þess að taka þátt í sýningunni. „Þá fór ég í Matilda-skólann, þar sem okkur var kennt að dansa, leika og syngja,“ segir Bjarni. Næst fóru fram prufur fyrir leikritið, og hlutverkum úthlutað til barnanna tuttugu og sjö.

Strákurinn í kökunni

„Ég fékk næststærsta hlutverkið, sem er Bruce. Það er strákurinn í kökunni,“ segir hann og hlær, og vísar til frægrar senu úr sögunni þar sem persóna Bruce hámar í sig stóra súkkulaðiköku. Bjarni segir að það sé líka eftirlætissenan hans á sviði. „Þetta er svona platkaka, og ofan á henni er súkkulaðibúðingur.“

Bjarni fer með hlutverkið ásamt tveimur öðrum, og því tekur hann þátt í þriðju hverri sýningu af þeim þriðtíu og þremur sem til stendur að setja upp. Generalprufa verksins var á laugardaginn og á fimmtudaginn er frumsýning.

Fri í skólanum

Móðir Bjarna, Helga Bjarnadóttir, segir soninn hafa verið upptekinn



Bjarni Berg Gíslason fer með hlutverk Bruce í uppsetningu Konunglega danska leikhússins á söngleiknum um Matthildi.

MYND/CAMILLA WINTHE



Ég fékk næststærsta hlutverkið, sem er Bruce. Það er strákurinn í kökunni.

síðustu mánuði. „Þetta eru æfingar í sex tíma á dag á hverjum degi, síðan í sumar. Hann er búinn að vera svolitíð mikið í frii frá skólanum, og verður ekkert í skólanum þangað til á föstudaginn. „Þá á ég að sýna fyrir krakkana í skólanum,“ segir Bjarni. „Ég ætla að leyfa þeim að sjá!“

Bjarni segir að leikhópurinn sé

skemmtilegur, en hann er yngstur í hópnum og elstu krakkarnir eru fimmtán ára gamlir.

„Það eru margir strákar en líka margar stelpur, fullt af krökkum,“ segir hann. „Ég er ekki búinn að hafa mikinn tíma til að vera með gömlu vinunum en ég er búinn að eignast 26 nýja vini.“ ■

Tónlistarsjálfið brýst út úr djassinum

ninarichter@frettabladid.is

María Magnúsdóttir, sem kemur fram undir sviðsnafninu Mimra, sendir fljótlega frá sér nýja stuttskífu. Þar mun nýjasta lagið hennar, Easy to Choose, meðal annars hljóma. „Ég er ekki búin að negla útgáfudaginn, það er ómögulegt að negla tónleika núna,“ segir Mimra um útgáfu plötunnar Finding Place.

„Ég kláraði hana seinasta haust og gaf út tvö lög fyrir jólin,“ heldur hún áfram en Easy to Choose bættist við fyrir viku og er aðgengilegt á streymisveitum. „Þetta er hugljúft og kósi ástarlag,“ segir hún. „Trompetarnir gera þetta tímalaust, það er svona djassblær yfir því.“

Samið til brúðhjóna

Lagið á sér sérstaka sögu. „Ég samdi lagið fyrir þremur árum þegar vin-



Hliðarsjálfið Mimra brýst stundum undan djassinum hjá Maríu.

MYND/ANNA MAGGY

kona mín bauð mér í brúðkaup,“ segir María. „Hún var að fara að giftast manningu sínum og átti heima í Amsterdam.“

María var búin að afboða sig í brúðkaupið, en ákvað síðan að koma. „Ég ákvað að koma óvænt. Ég og önnur vinkona mín, sem er er tónlistarkona, sömdum sitt hvort lagið til brúðhjónanna og fluttum það fyrir þau þegar þau giftu sig.“

Brúðurin, Sýlvía Hlynisdóttir, er trompetleikari. „Hún gerði síðan brassútssetningu við lagið. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem við störfum saman en hún vann með mér á fyrri plötunni.“ Hún bætir við að lagið sé í dag algjört lag þeirra hjóna.

Stórar útsetningar

María hefur gefið út tónlist frá 2009 og hefur notað listamannsnafnið Mimra frá árinu 2015. „Það byrjaði

sem mitt hugarfóstur, að semja orchestral popptónlist. Ég var að hugsa um stórar útsetningar á fiðlum og strengjum og brassi. Það kemur vel fram á fyrstu plötunni minni frá 2017 sem heitir Sinking Island.“

María segir nýju plötuna fara meira út í dökkan poppstíl en hún vann hana með Stefáni Erni Gunnlaugssyni pródúser. „Ég er að kenna tónlist og kem einnig fram sem söngkona, þá undir mínu nafni, María Magnúsdóttir. Er þá meira að syngja djass og svoleiðis. En öðru hverju brýst þetta tónlistarsjálfið út. Það er algjörlega hugarfóstrið og allt sem ég er að semja og skapa kemur út í gegnum Mimru.“

Hún segir að útgáfutónleikar séu á dagskrá og þá fari allt í gang. „Vonandi þarf maður ekki að fresta því mikið. Þetta kemur allt í ljós.“ ■



HAMINGJUÓSKIR

Forlagið óskar Hallgrími Helgasoni til hamingju með Íslensku bókmenntaverðlaunin



„Styrkleikar höfundar mætast í glitrandi og kjarnyrtri veröld síldarplansins, þar sem fyrstu skref þjóðar úr torfkofunum speglast í þrá aðalsöguhetjunnar eftir betra lífi og sjálfstæði. Síldarvals þar sem húmor og harmur koma saman í miskunnarlausri framrás tímans. Líður alls ekki fyrir að vera sjálfstætt framhald verðlaunaverks, heldur stendur fullkomlega á eigin fótum.“

UMSÖGN DÓMNEFNDAR ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNANNA

 LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 10–16 | www.forlagid.is



Aldís Amah fylgist með sjálfri sér og Verbúð á sunnudagskvöldum.

Aldís sér sjálfa sig á sunnudögum

svavamarin@frettabladid.is

Leikkonan Aldís Amah Hamilton fer með aðalhlutverkið í glæpaþáttunum Svörtu söndum á Stöð 2 og er auk þess einn handritshöfundanna. Hún segist þakklát fyrir gróskuna í íslensku sjónvarpi en nú ganga tvær ólíkar seríur á hvor á sinni sjónvarpsstöðinni á sunnudagskvöldum; Svörtu sandarnir hennar og Verbúðin.

Það er því nóg að gerast á skjánum en hún gefur sér þó góðan tíma til þess að fylgjast með því sem streymir að utan. „Akkúrat á þessu augnabliki er ég að fara að klára Netflix-myndina Uncut Gems með Adam Sandler. Nýlega horfði ég á aðra mynd eftir Safdie-bræðurna og það er gaman að sjá líkindin. Orkan er vægast sagt kaótísk en ótrúlega grípandi og mjög í anda þess sem ég hef sjálf áhuga á að skapa þessa dagana.

Það er að segja, að sjá fólk bregðast undarlega, jafnvel fáránlega, við ákveðnum aðstæðum. Ég held það sé hollt að minna sig svona á að öll erum við með ólíkt vopnabúr sem við grípum til þegar í harðbakkann slær ... mjög misgóð vopn!“ segir Aldís með áherslu. „Yfir morgunmatnum er ég að svissa milli Schitt's Creek og Succession, svona eftir því hversu hress ég er þegar ég vakna. Það þarf stundum ákveðna lífsgleði til að ráðast í Succession. En frábærir þættir!“

„Annars er ég auðvitað bara að bíða eftir því að næsti sunnudagur banki upp á svo ég geti haldið áfram með Svörtu sanda og að sjálfsögðu Verbúðina. Það er algjör veisla í gangi þessa dagana, þó ég segi sjálf frá, þökk sé íslenskri þáttaframleiðslu!“ ■

Sunna las dópsjúkan salinn rétt

Fréttakonan Sunna Valgerðardóttir kann að lesa salinn og er með tímasetningarnar á hreinu eins og Kompásþáttur hennar um ópíóíðavandann á Íslandi ber með sér en hann kemur lóðbeint inn í umræðuna um OxyContinpláguna sem er komin aftur í brennidepil í kjölfar vinsælda sjónvarpsþáttanna Dopesick.

toti@frettabladid.is

„Heldurðu að maður kunni ekki að lesa salinn?“ spyr fréttakonan Sunna Valgerðardóttir og hlær þegar tímasetningin á Kompásþætti hennar um ópíóíðavandann á Íslandi, sem sýndur var á Stöð 2 á mánudagskvöld, kemur til tals.

Þáttur Sunnu varpar ljósi á ástandið og útbreiðslu morfínskyldra verkjalyfja á Íslandi en hörmungarnar sem OxyContinfaraldurinn kallaði yfir Bandaríkin eru aftur í brennidepli eftir að hinir vinsælu bandarísku sjónvarpsþættir vörpuðu á þær vægast sagt dramatísku ljósi.

Sunna upplýsti í þætti sínum að þúsundir Íslendinga væru með ávísanir fyrir hinu alræmda verkjalyfi OxyContin og þeim hefði fjölgað verulega undanfarinn áratug.

Fíklarnir redda sér

Þegar Sunna er spurð hvort þetta hafi komið henni á óvart þegar hún fór að kanna stöðuna hér á landi segist hún kjósa að svara eins og pólitíkus. Bæði og.

„Jú, jú. Það kom til dæmis á óvart að ávísanir á OxyContin hafi sjöfaldast á tíu árum. Það kom mér rosalega á óvart og það kemur náttúrulega á óvart að þótt tekið hafi verið í taumana í ávísunum lækna sé þetta ennþá svona mikið vandamál,“ segir Sunna.

„En á hinn bóginn kemur það ekki á óvart vegna þess að bara um leið og morfínskyldu verkjalyfin komu fyrst inn á markaðinn, fyrir kannski einhverjum tveimur áratugum síðan, þá er ekkert eins og það sé bara hægt að kippa þeim út og allir séu sáttir með það. Fólk finnur sér bara leiðir. Ef fólk er komið á á bragðið og er orðið háð þessu þá bara reddar það sér.“

Ísland á toppnum

Sunna minnst síðan á þá áhuga-verðu staðreynd að heróín hafi einhverra hluta vegna aldrei náð að festa sig í sessi á Íslandi. Hún segir ekki hægt að fullyrða um ástæður þessa en það sé talið vera vegna þess



Sunna Valgerðardóttir segir auðvitað brjáláða áskorun að gera svona þátt ein í fyrsta skipti en hún hafi verið með frábæra viðmælendur og samstarfsfólk. „Þannig að þetta small allt voða vel saman eins og það gerir oftast á endanum.“

MYND/ RAGNAR VISAGE



Michael Keaton er í vondum málum í Dopesick en í náðinni hjá Sunnu.



Þetta er náttúrulega ekkert annað en löng fréttaskýring og þær eru það sem mér hefur alltaf þótt skemmtilegast og einhvern veginn best að gera.

hefur alltaf þótt skemmtilegast og einhvern veginn best að gera. Ég hef alltaf fundið mig best í því, bara alveg frá því ég var á blaðinu.“

Talið berst óhjákvæmilega að hinum umtöluðu Dopesick-þáttum sem Sunna segir einfaldlega vera með því besta sem hún hefur séð. „Þeir eru alveg geggjaðir. En ég er líka mikil Michael Keaton-kona, sko,“ segir Sunna um leikarann sem þykir fara á kostum í hlutverki lækni sem verður Oxy-inu að bráð í tvennum skilningi.

„Þeir eru alveg frábærir þessir þættir og ógeðslega fróðlegir, vel gerðir, vel leiknir og vel skrifaðir og allt.“ ■

að aldrei skorti morfínskyld verkjalyf hérna. Af læknaðöpinu sé nóg.

„Það sem gerðist hins vegar í Bandaríkjunum er að þegar Oxy-ið varð óaðgengilegra þá fóru þau bara að sprauta sig með heróíni. Út af því að það er í raun og veru sama stöfíð og ódýrara og náttúrulega óhreinna líka.“ Það sama hafi síðan átt sér stað á hinum Norðurlöndunum.

„En það hefur aldrei gerst hér. Þannig að við höfum aldrei einhvern veginn náð að hreinsa landið það mikið af þessum lyfjum. Við erum ennþá á toppnum á Norðurlöndunum í notkun á þeim og líka þunglyndislyfjum og róandi lyfjum og alls konar lyfjum.“

Sunna bendir aftur á móti á að meðvitundin um hættuna sem fylgir ópíóíðum sé orðin meiri og

almennari. „Ef við erum með krónískan hausverk eða króníska bakverki þá er vonandi ekkert verið að setja okkur á ópíóíða,“ segir hún og bendir á að þannig ættu lækna einnig að huga að því að skima sjúklinga fyrir fíkn.

Geggjaðir Dopesick-þættir

Sunna á að baki áralanga reynslu í blaðamennsku, meðal annars á Fréttablaðinu og síðar RÚV þar sem hún starfaði um árabíl áður en hún söðlaði nýlega um og gekk til liðs við Kompás á Stöð 2.

„Þetta var annars vegar smá eldskírni,“ segir hún um þennan þátt sinn. „En svo er þetta bara eitthvað sem ég kann að gera. Þetta er náttúrulega ekkert annað en löng fréttaskýring og þær eru það sem mér


HOT CHIKIN & BAO BAR



📍 Ingólfsstræti 2.

📱 @chikinrvk

🌐 www.chikin.is



NÝTT ÁR NÝIR TÍMAR ÓOPNAÐIR PAKKAR

Hvetjandi vinnuaðstaða
fyrir fyrirtæki,
einstaklinga og
stofnanir

www.betristofan.com



Bakþankar

Önnu Sigrúnar
Baldursdóttur



Áhugi

Um liðna helgi lék íslenska karla-landslíðið í handbolta við Frakka á Evrópumótinu í handbolta. Þetta fór fram hjá fæstum. Reyndar er ég í þeim fámenna hópi sem tók ekkert sérstaklega eftir þessu enda hef ég engan áhuga á íþróttum yfirhöfuð. Ég þurfti til dæmis að gúggla hvort þessi keppni var heimsmeistarakeppni eða Evrópukeppni. Íþróttafréttir vekja mér álíka mikinn áhuga og veðurfréttir gerðu hér áður ef maður átti eitt-hvað beinlínis undir sémilegu veðri. Íþróttafréttir eru eins og suð í eyrum mér, eins og veðurfréttirnar voru og ég hélt lengi vel að Austurlandaðglettingi væri veðurstöð.

Jæja. Laugardaginn sem þessi frækni leikur fór fram ákvað ég að þrifa almennilega heima hjá mér og tók til óspilltra málanna eins og dóttur húsmæðraskólagenginnar konu sæmir. Ég frétti því ekki af úrslitunum fyrr en síðar um daginn þegar ég, að loknu góðu dagsverki, settist niður með tebolla (ok, hvítvínsglas) og feisbúkk.

Augljóst var af gleðinni og geðs-hræringunni að ég hafði misst af einhverju stórmerkilegu og myndi tæpast bíða þess bætur. Gleðin var einlæg og djúp – (næstum) allir áttu gláðan dag yfir góðu gengi liðsins unga. Dásamlegt. Mér leið auðvitað eins og þjóðniðingi að hafa ekki fylgst með, svolítið eins og um árið þegar ég ákvað að vinna frekar tvöfalda vakt en að fara á Þingvelli á 50 ára lýðveldis-afmælinu.

Djúpsálfræðingar hljóta að skilja að ég leita í öryggið. Sigrar og hátíðir eru hverful – næsti leikur tapaðist og fólk sat víst fast í bíla-röð allan daginn á Þingvöllum. En heimilisþriffin og vinnan eru eins og þvottafjallið í þvottakörfunni – hverfur manni aldrei. ■



pappír
umhverfið
prentun



LITRÓF

UMHVERFISVÆN
PRENTUN

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is

